

TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK ÁGÚST 2004

**STEFNUMÓTUN OG SKIPULAG RÍKISSKATTSTJÓRA • ER ÞETTA
FRÁDRÁTTARBÆRT? • HUGLEIÐING UM SKATTLAGNINGU SAMBYLISFÓLKS
• ÁLAGNING 2004 • KARLAR RÁÐA FREKAR KARLA**

Skipulag skattframkvæmdar


Tekið hefur verið upp nýtt skipulag hjá RSK þar sem verkefnum og störfum hjá embættinu er stillt upp með nýjum hætti og starfsmönnum fylkt til starfa að nýju. Í stað skipulags sem byggðist að mestu á aðgreiningu skrifstofa innan embættisins eftir skattategundum er nú fyrst og fremst byggt á aðgreiningu eftir eðli verkefna og þeim raðað saman á starfssvið m.t.t. þess. Miklar breytingar hafa orðið á verkefnum í skattkerfinu á síðustu árum, kröfur til þess hafa breyst, viðhorf stjórnáslunnar til verkefna sinna hafa þróast ört og starfshættir hennar breyst. Hinu nýja skipulagi er ætlað að laga embættið að breyttum aðstæðum og gera starf þess markvissara og skilvirkara með skýrari skiptingu verkefna og aukinni ábyrgð stjórnenda.

Endurskipulagning skattframkvæmdar hefur verið ofarlega á baugi í nágrennalöndum okkar á síðustu árum. Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa gert eða eru í þann mund að gera róttækar breytingar í þessum efnum. Markmið þessara breytinga eru alls staðar hin sömu, þ.e. að auka og bæta þjónustu skattkerfisins og gera það um leið hagkvæmara. Til að þessum markmiðum verði náð er leitast við að gera stofnanir skattkerfisins sveigjanlegri, leggja af stífa skiptingu í skattumdæmi og stofnanir en láta verkefni og hagkvæmni ráða því hvernig þjónusta er best veitt og hvar verkefnin eru unnin.

Í þeim breytingum á Norðurlöndunum, sem vitnað er til, er að því stefnt að saman fari landfræðileg dreifing verkefna og starfa, aukin sérhæfing og skilvirkni í skattkerfinu og bætt þjónusta við borgarana. Skilyrði þess að slíkur árangur náist er að umdæmaskipan og formleg skipan stofnana standi ekki í vegi fyrir flutningi verkefna milli staða og stofnana. Þróun samskiptatækni og nýting hennar í þágu skattframkvæmdar hefur gert það að verkum að skattvinnsla og þjónusta tengd henni er ekki staðbundin með sama hætti og áður var.

Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið í nágrennalöndum okkar hefur verið skapaður sá sveigjanleiki í skipulagningu og framkvæmd sem þarf til að ná fram hagræðingu og betri þjónustu um leið og sinnt er þeim markmiðum sem sett kunna að vera um byggðapróun og grenndarþjónustu. Hér á landi hafa og nýlega verið gerðar ákveðnar lagabreytingar, sem byggjast á líkum sjónarmiðum og dregið hafa úr staðbindingu tiltekinna verkefna.

Núverandi skipan skattumdæma og stofnana skattkerfisins er að grunni til hartnær hálftrar aldar gömul og er ákveðin á tímum þegar vinnubrögð við skattframkvæmd voru allt önnur en í dag. Viðhorf og hugmyndafræði varðandi opinbera stjórnáslu hafa þróast ört á síðustu árum og ný stefna verið mótuð á þeim vettvangi. Skipulag verkefna hvort sem er innan einstakra stofnana eða stofnanakerfis í heild þarf ætíð að vera í þróun. Á það einnig við um skattkerfið og stofnanir þess svo og skipulagsleg og verkefnaleg tengsl þess við aðra aðila svo sem réttarkerfið og innheimtu opinberra gjalda.



Efnisyfirlit

2

2 Leiðari

Indriði H. Þorláksson

5

5 Stefnumótun og skipulag ríkisskattstjóra

8

8 Er þetta frádráttarbært?

Jón Ásgeir Tryggvason

11

11 Þegar tveimur góðum kerfum lýstur saman

Steinþór Haraldsson

12

12 Hugleiðing um skattlagningu sambúðarfólks

Ásta Kristjánsdóttir

15

15 Molar

16

16 Karlar ráða frekar karla ...

Viðtal við Völu Valtýsdóttur

18

18 Álagning á einstaklinga

Páll Kolbeins

24

24 Einfaldar kæruleiðir í Færeyjum

Viðtal við
Peturbjörgu Jenssen

26

26 Af vettvangi skattaréttar

Anna Dóra Helgadóttir
Bjarni Amby Lárusson

30

30 Skattlagning í ýmsum löndum - Austurríki

Guðrún J. Jónsdóttir

32

32 Leiðbeiningar um skattskyldu íþróttafélaga



Stefnumótun og skipulag ríkisskattstjóra

Ítarleg naflaskoðun embættisins hefur haft í för með sér veigamiklar breytingar og hagræðingu í rekstri stofnunarinnar. Nýtt skipurit hefur nú tekið gildi og er það til umfjöllunar á bls. 5 auk þess sem ríkisskattstjóri tekur það fyrir í leiðara á bls. 2.

Er þetta frádráttarbært?

Hjá þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur vill stundum vera á gráu svæði hvað megi telja til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar og hvað telst einkakostnaður þess sem fyrir rekstrinum stendur. Í þessari grein tekur Jón Ásgeir Tryggvason þetta efni fyrir og fjallar um helstu tegundir rekstrarkostnaðar. Grein Jóns er á bls. 8.



Hugleiðing um skattlagningu sambúðarfólks

Skiptir máli skattalega séð hvort fólk gengur í hjónaband eða kys að búa saman og skrá sig í sambúð? Eða er hagstæðara að búa einfaldlega í sitt hvoru lagi? Í þessari grein skoðar Ásta Kristjánsdóttir hvaða reglur gilda um skattlagningu sambúðarfólks saman borið við skattlagningu hjóna annars vegar og einstæðra foreldra hins vegar. Grein Ástu er á bls. 12.

Álagning 2004

Nú liggja fyrir niðurstöður álagningar 2004 og hefur Páll Kolbeins tekið saman það sem helst vekur athygli að þessu sinni. Alltaf er áhugavert að lesa úr niðurstöðum álagningar því þær gefa nokkuð góða vísbendingu um þróun efnahagslífsins á síðasta ári, t.a.m. eru tekjur að hækka, er eignamyndun meiri eða hafa skuldarnar aukist? Allt um þetta á bls. 18.

TÍUND

RÍKISSKATTSTJÓRI · LAUGAVEGI 166 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 563 1100 · FAX: 562 4440 · rsk@rsk.is · VEFANG www.rsk.is

FRÉTTABLAÐ RSK · 2. TÖLUBLAÐ · 18. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 1700 EINTÖKUM
ÚTGEFANDI: RSK
ÁBYRGÐARMAÐUR: INDRÍÐI H. ÞORLÁKSSON
RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR
PRÓFÖRK: INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR, ANNA DÓRA HELGADÓTTIR
OG RAGNHEIÐUR ÞORKELSDÓTTIR
LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.F.L.
HÖNNUN OG UMBROT: ANNA P. GUÐMUNDSDÓTTIR
PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY
FJÖLMIÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

rsk.is

HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR **VEFSKIL**

Á **rsk.is** er boðið upp á rafræn skil á **virðisaukaskatti** og **staðgreiðslu**. Sérstaklega skal bent á að hægt er að skila staðgreiðslu beint úr helstu launakerfum. Á vefnum getur þú skilað, greitt og fengið yfirlit á einfaldan og öruggan hátt, hvar og hvenær sem er.

ÞINN ÁVINNINGUR ER

**... engar biðraðir ... engin tímapressa ... minni pappír
... auðvelt að greiða ... auðvelt að muna
... einfaldar bókhaldið ... umhverfisvæn skil**

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

Allar nánari upplýsingar má fá á www.rsk.is/umhverfismat. Þar er einnig að finna upplýsingar um símaaðstoð sem veitt er eftir kl. 16:00.

Þú getur líka hringt í **grænt númer, 800-6311**.

Rafræn skil - umhverfisvæn skil

Stefnumótun og skipulag ríkisskattstjóra



Þessi mynd var tekin 26. maí sl. við undirritun árangurssamninga milli fjármálaráðuneytis og stofnana skattfyrvalda. Efri röð: Ólafur Ólafsson formaður yfirskattanefndar, Sigmundur Stefánsson skattstjóri Reykjanesumdæmis, Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri Norðurlandsumdæmis vestra, Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri, Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Skúli E. Þórðarson skattrannsóknarstjóri, Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík, Ingi T. Björnsson skattstjóri í Vestmannaeyjum. Neðri röð: Gunnar Karlsson skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra, Karl Lauritzson skattstjóri Austurlandsumdæmis, Guðrún Björg Bragadóttir skattstjóri Vestfjarðaumdæmis, Stefán Skjaldarson skattstjóri Vesturlandsumdæmis og Hreinn Sveinsson skattstjóri Suðurlandsumdæmis.

Í framhaldi af mikilli stefnumótunarvinnu sem farið hefur fram á síðustu mánuðum hjá embætti ríkisskattstjóra hefur nú nýtt skipurit litið dagsins ljós. Þessi stefnumótunarvinna var liður í undirbúningi að árangurssamningi sem fjármálaráðuneytið og ríkisskattstjóri gerðu með sér og undirritaður var 26. maí síðastliðinn.

Nýtt skipurit felur í sér veigamiklar breytingar og hagræðingu í rekstri stofnunarinnar. Skipuritið tók gildi 1. júlí 2004 og er gert ráð fyrir að flutningi einstakra verkefna verði lokið fyrir árslok. Þetta nýja skipurit, stefnumótun og markmiðasetning, tekur mið af breyttum áherslum á skattfrankvæmd síð-

ustu ára. Segja má að helsta breytingin felist í að nú er starfsemin ekki skipulögð í megindrátum eftir skatttegundum heldur eftir verkefnum og er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í flestum Evrópuríkjum síðustu ár. Þannig legst t.a.m. af hefðbundin skipting á milli skattaskrifstofu og gjalda-




Myndirnar hér í opunni eru frá stefnumótunardegi ríkisskattstjóra sem haldinn var 27. október 2003

skrifstofu. Í skipuritinu eru sett fram meginmarkmið þar sem áhersla er lögð á þjónustu, skýra verkefnaskiptingu, aukið skatteftirlit og fræðslumál.

Stefnumótunardagur

Stefnumótunarvinna hófst að fullum krafti þann 27. október sl. Þegar haldinn var stefnumótunardagur embættisins að Skíðaskálanum í Hveradölum.

Verkefnum var skipt á fimm hópa sem skyldu setja markmið og áherslur fyrir næstu ár eftir málaflokkum sem voru: lagaframkvæmd, álagning, skatteftirlit, upplýsingakerfi og samskiptatækni og





mannauður og starfsumhverfi. Hóparnir skiluðu skýrslum þar sem fram komu tillögur um hvernig haga skyldi stefnumótun og markmiðum fyrir næstu fimm ár. Síðan var unnin heildarskýrsla þar sem gerð var grein fyrir skýrslum hópanna og niðurstöðum. Þessi skýrsla ásamt nýju skipuriti var síðan kynnt starfsmönnum á fundi sem haldinn var á Grand hótél þann 8. júní sl.

Skipurit

Í heildarskipulagi sem sýnt er hér að framan mynda yfirstjórnina ríkisskattstjóri og vararíkisskattstjóri sem er staðgengill hans. Forstöðumenn sviða og skrifstofustjóri bera ábyrgð gagnvart þeim og sama á við um starfsmannastjóra, fræðslustjóra og öryggisstjóra.

Skattastjórnsýslunni er skipt á rekstrarskrifstofu, réttarsvið, álagningarvið, eftirlitssvið og fyrirtækjaskrá. Stoðverkefni eru í höndum starfs-

mannastjóra, fræðslustjóra og öryggisstjóra.

Rekstrarskrifstofa hefur á sínum snærum afgreiðslu og skjalastjórn, fjármál, bókhald, árangursmælingar og staðtölur.

Réttarsviðið skiptist í tvær deildir sem eru lögfræðideild og úrskurðardeild. Á verkefnalista skattlagadeildar eru lagatúlkningar, samræming, kynning, leiðbeiningar, verklagsreglur, handbækur, fyrirspurnir, bindandi álit og kröfugerðir til yfirskattanefndar. Úrskurðadeildin hefur með höndum afgreiðslu skatterinda, ívilnanir, úrskurði og fyrirspurnir.

Álagningarvið skiptist í fjórar deildir sem eru álagningardeild sem hefur með höndum skattframkvæmd, upplýsingatæknideild sem sér um notkun UT við skattframkvæmd, vélbúnaðardeild sem sér um tölvur, net, samskipti og staðalbúnað og að lokum

bifreiðagjaldadeild sem sér um álagningu bifreiðagjalda, þungaskatts, úrvinnslugjalds á bifreiðar auk áfengisgjalds.

Eftirlitssviðið skiptist í þrjár deildir sem eru upplýsingadeild sem sér um öflun og miðlun upplýsinga, áætlana-deild sem hefur með höndum eftirlitsáætlanir og eftirlitsaðstoð og eftirlitsdeild sem sér um sérstækt skatteftirlit.

Skráningarsviðið hefur með höndum hlutafélagaskrá sem annast skráningu hlutafélaga sem og annars atvinnurekstrar og félagasamtaka auk þess sem það veitir upplýsingar og aðgengi að skrá og ársreikningum.

Þá eru stoðverkefni í höndum starfsmannastjóra sem annast starfsmannamál stofnunarinnar, fræðslustjóra sem fer með fræðslumál fyrir skattkerfið og öryggisstjóra sem fer með öryggismál embættisins og skattkerfisins.

Er þetta fr

Mörk einkakostnaðar og rekstrarkostnaðar

Útgjöld sem maður hefur vegna einkaparfa sinna geta ekki komið til frádráttar rekstrartekjum hans. Væntanlega geta flestir verið sammála þessu en ekki er eins víst að menn séu sammála um hvaða útgjöld séu í þágu rekstrar og hvaða útgjöld séu til einkaparfa. Í grein þessari er fjallað um ýmis útgjöld sem oft eru dæmigerð einkaútgjöld, svo sem fæði, klæði og húsnæði, en geta í vissum tilvikum fallið undir frádráttarbæran rekstrarkostnað.

Almenna heimild til gjaldfærslu kostnaðar er að finna í 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt en þar segir að draga megi frá atvinnurekstrartekjum: „Rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, afföll, gengistöp, niðurfærslu og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.“ Um er að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að mönnum er skylt að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum og af ákvæðinu leiðir að skattaðila ber að sýna fram á að skilyrði frádráttar sé uppfyllt. Í reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er nánari skilgreining á því hvað er frádráttarbært frá tekjum af atvinnurekstri. Í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar segir að frá slíkum tekjum megi draga: „Rekstrarkostnað skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981 (nú lög nr 90/2003), um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þ.e. þau gjöld, greidd eða



JÓN ÁSGEIR
TRYGGVASON

áfallin, sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við og ekki eru sérstaklega undanskilin í lögum. Til rekstrarkostnaðar teljast hvorki útgjöld til eignakaupa eða annarra fjárfestinga, né útgjöld til einkaparfa, nema að því marki sem þau eru talin til tekna sbr. 3. gr.“ Útgjöld þurfa almennt ekki að vera nauðsynleg, venjuleg eða eðlileg til að vera frádráttarbær en þessi atriði koma gjarnan til skoðunar þegar leggja þarf mat á hvort þau hafi verið í rekstrarlegum tilgangi. Útgjöld sem flestir bera óháð því hvort þeir stundi rekstur eða ekki teljast almennt til einkaparfa. Segja má að því óvenjulegri sem útgjöld eru því strangari kröfur megi gera til rekstraraðilans um að hann rökstyðji að til útgjaldanna hafi verið stofnað í rekstrarlegum tilgangi.

Fatnaður

Útgjöld til fatakaupa eru almennt talin vera persónuleg útgjöld og því ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður, nema í undantekningartilvikum. Ekki skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf hans. Hlífðarfatnaður sem almennt er afhentur launamönnum í viðkomandi starfsgrein án þess að vera skattskyldur hjá þeim er frádráttarbær

Frádráttarþætt?

rekstrarkostnaður hjá sjálfstætt starfandi manni. Í úrskurði yfirséttarnefndar nr. 144/1997 var deilt um frádráttarþættinn vinnuflotbúnings hjá sjálfstætt starfandi trillusjómanni. Yfirséttarnefnd vísaði til skattmatsreglna, sem ríkisskattstjóri gaf út með stöð 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og framtalsleiðbeininga sem kveða á um að ekki skuli reikna launþega til tekna nauðsynlegan hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf í þágu launagreiðandans. Yfirséttarnefnd sagði svo: „Þykir mega við það miða í þessu sambandi að ef hlífðarfatnaður er almennt afhentur launþegum í viðkomandi starfsgrein til afnota, t.d. samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, án þess að teljast þeim til tekna, og um er að ræða fatnað sem einungis nýttist við þá vinnu sem stunduð er, geti útgjöld vegna kaupa á slíkum fatnaði til eigin nota sjálfstætt starfandi manns verið frádráttarþætt rekstrarkostnaður í skilningi nefnds lagaákvæðis.“ Kærandi hafði ekki sýnt fram á að ákvæði kjarasamninga hefðu kveðið á um að sjómönnum skyldu afhent þessi hlífðarföt. Kaup á vinnuflotbúningi töldust því ekki frádráttarþætt rekstrarkostnaður. Tekið skal fram að ekki var um að ræða björgunarbúning, sbr. 3. gr. reglna nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, sbr. lög nr. 35/1993, um eftirlit með skipum (nú lög nr. 47/2003).

Útgjöld manns til fatakaupa eru ekki frádráttarþætt þó þau séu meiri en almennt tíðkast ef um er að ræða föt sem nýst geta til persónulegra nota. Í úrskurði yfirséttarnefndar nr. 335/1998 var fjallað um frádráttarþættinn útgjalda til kaupa á búningum vegna sjálfstæðrar starfsemi við söng. Gjaldandi sagði að krafa væri gerð um viðeigandi klæðnað við sorgarathafnir og hátíðar klæði þegar svo bæri undir, svo sem á

tónleikum og söngskemmtunum. Nauðsynlegt væri því að eiga sérstaka kjóla til að koma fram í opinberlega viðtónleikahald og söngskemmtanir. Kjólarnir væru nokkuð dýrir, yfirleitt sérsamaðir og efnismiklir og þeir nýttust ekki utan starfa við söng. Yfirséttarnefnd sagði að af framlögðum gögnum hefði ekki verið hægt að ráða að gjaldfærð fatakaup hefðu verið þess eðlis að ekki yrðu höfð af persónuleg not. Ekki var því talið sýnt fram á að um frádráttarþættinn rekstrarkostnað hefði verið að ræða.

Fæði

Eigin fæðiskostnaður sjálfstætt starfandi manns er almennt talinn vera hans persónulegi kostnaður og því ekki frádráttarþætt. Þó getur slíkur fæðiskostnaður í vissum tilvikum og innan ákveðinna marka verið frádráttarþætt. Þetta á við um fæðiskostnað í stuttum og tilfallandi ferðum í þágu atvinnurekstrar, enda sé um nauðsynleg útgjöld til fæðiskaupa að ræða sem séu umfram það sem er almennt og venjulegt. Í þessu sambandi má vísa í úrskurð yfirséttarnefndar nr. 24/1998 (birtur í Skatta- og tollatíðindum, 1. hefti 1998) þar sem sagði að almennt væri eigin fæðiskostnaður persónulegur kostnaður hvers manns en ekki væri þó sjálfgefið að kostnaðurinn gæti ekki fallið undir það að vera frádráttarþætt. Samræmis- og jafnræðisrök leiddu þó til þess að slíkur kostnaður heimilaðist aðeins vegna stuttra og tilfallandi ferða. Rétt er að benda á að eigin fæðiskostnaður sem er hluti af frádráttarþættinn risnu skv. d. lið 6. gr. rgl. nr. 483/1994 er að fullu frádráttarþætt.

Húsnæði

Kostnaður vegna þess hluta af íbúðarhúsnæði sem eingöngu er nýttur í þágu sjálfstæðrar starfsemi er frádráttarþætt. Heimilt er því að gjaldfæra sérstakan

kostnað vegna rekstraraðstöðu á heimili, svo sem vegna hlutdeildar í rafmagns- og hitakostnaði, enda séu ekki um að ræða persónuleg not af þeim hluta. Oft er þá horft til hlutfalls vinnuherbergis af heildarstærð íbúðarhúsnæðis. Fyrning og fjármagnskostnaðar vegna hluta íbúðarhúsnæðis sem notaður er í einstaklingsrekstri er ekki frádráttarþætt.

Námskeið

Samkvæmt 7. mgr. 3. gr. rgl. nr. 483/1994 telst til frádráttarþættinn rekstrarkostnaðar útgjöld við námskeið sem tengjast starfinu beint. Kostnaður vegna styttri námskeiða sem beint tengjast rekstrinum og annarra hagnýtra námskeiða sem tengjast starfsemi er frádráttarþætt. Það er þó ekki einungis kostnaður vegna styttri námskeiða sem kemur til álita sem frádráttarþætt rekstrarkostnaður enda er í skattmatsreglum um dagpeninga gert ráð fyrir ferðum starfsmanna vegna þjálfunar og náms. Dæmi um frádráttarþættinn rekstrarkostnað vegna lengri ferðar gæti verið kostnaður við að senda flugvirkja í þjálfun til ákveðins flugvélaframleiðanda. Meta þarf í hverju starf viðkomandi starfsmanns er fólgið og hvort einhverjar breytingar eru að verða á starfi hans í náinni framtíð. Kostnaður við lengri námskeið sem jafna má við skólanám telst vera persónulegur kostnaður í eðli sínu og því ekki frádráttarþætt.

Almennt má segja að tungumálanám sé hluti af almennri menntun og eru slík útgjöld ekki frádráttarþætt. Kostnaður vegna tungumálanámskeiðs getur þó verið frádráttarþætt ef um er að ræða samþjappað stutt námskeið sem hugsað er til upprifjunar og viðkomandi þarf að nota tungumálið í sínu starfi. Kostnaður vegna margra mánaða tungumálanáms er ekki frádráttarþætt jafnvel þó námið komi til með að

nýtast mjög vel í starfi viðkomandi. Í úrskurði yfirskaðanefndar nr. 853/1997 (3. hefti Skatta- og tollatíðinda 1997) var staðfest niðurfelling skattstjóra á gjaldfærslu kostnaður vegna námsferðar hjóna til Englands þar sem þau sóttu enskunámskeið. Yfirskaðanefnd sagði að um almennt tungumálanám hefði verið að ræða og kostnaðurinn gæti því ekki talist frádráttarbær samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981. Í úrskurði nr. 796/1997 var manni sem flutti inn vörur frá Ítalíu synjað um gjaldfærslu á ítölskunámskeiði þar sem hann hefði ekki áður haft kunnáttu í málinu, og þannig hefði verið um grunnám hans að ræða.

Í úrskurði yfirskaðanefndar nr. 156/2003 (sjá www.yskn.is) var fjallað um kostnað vegna leiðbeinandanámskeiðs í skyndihjálp á vegum Rauða kross Íslands. Maður sem hafði löggildingu sem öukennari sótti námskeiðið til þess að geta séð um kennslu og þjálfun í þeim hluta ökunáms sem snýr að helstu þáttum neyðarhjálp. Yfirskaðanefnd féllst á að um frádráttarbæran kostnað væri að ræða með vísan til 7. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994, enda hefði námskeiðið varðað viðhald starfsréttinda hans sem öukennara.

Vaxtagjöld

Vaxtagjöld í einstaklingsrekstri er rekja má til úttektar sem fjármögnuð var með skuldsetningu rekstrarins teljast í vissum tilvikum vera útgjöld til einkaparfa. Er það í þeim tilvikum þegar eigið fé í einstaklingsrekstri er neikvætt og úttekt er umfram reiknað endurgjald og hagnað. Úttekt vegna einkaneyslu er þá fjármögnuð með skuldsetningu rekstrarins. Vaxtagjöld vegna slíkrar úttektar

falla því ekki undir frádráttarbæran rekstrarkostnað skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. (sjá úrskurð yfirskaðanefndar nr. 11/1997 sem birtur er í 1. hefti Skatta- og tollatíðinda 1997)

Ýmis útgjöld

Ýmis kostnaður telst persónulegur í eðli sínu þrátt fyrir bein tengsl við tekjuöflun. Þannig væri kostnaður vegna húshjálpar ekki frádráttarbær, þó hægt væri að sýna fram á að húshjálpin gerði tekjuöflun í rekstrinum mögulega. Önnur dæmi um útgjöld sem eru persónuleg í eðli sínu eru grunnmenntun og heilsugæsla.

Maður sem leikur á blásturshljóðfæri getur þannig ekki gjaldfært kostnað við tannviðgerðir jafnvel þó gott ástand á tönnum sé skilyrði og algjör undirstaða til að geta stundað starfið og góðar tennur jafn nauðsynlegar og hljóðfærið sjálft. Maður sem hefur atvinnu af því að leika eða kenna á blásturshljóðfæri kann því að hafa meiri kostnað af tannviðgerðum en aðrir. Sjá úrskurð yfirskaðanefndar nr. 763/1997 (3. hefti Skatta- og tollatíðinda 1997) en þar var manni sem starfaði við að spila á blásturshljóðfæri synjað um gjaldfærslu kostnaðar við tannviðgerðir.

Í úrskurði yfirskaðanefndar nr. 72/2000 var fjallað um frádráttarbærni á veiðileyfum hjá leiðsögumanni í veiðiá. Gjaldfærslan var rökstudd með því að þekkingu á veiði í á væri best haldið við með veiðum í viðkomandi á. Veiðin væri því grundvöllur fyrir áframhaldandi tekjum af leiðsögn fyrir veiðimenn. Yfirskaðanefnd sagði að þótt útgjöldin kunnu að einhverju leyti að hafa þýðingu fyrir öflun rekstrartekna, væri um að ræða útgjöld sem féllu undir dæmigerðan frístundakostnað og

var úrskurður skattstjóra um synjun gjaldfærslu staðfestur.

Tilfallandi not eigna í eigin atvinnurekstri leiða ekki til þess að heimilt sé að gjaldfæra kaupverðið þegar um er að ræða eignir sem jafnframt nýtast til persónulegra nota hjá eiganda. Ekki er því heimilt að gjaldfæra kaupverð eigna sem keyptar eru í tengslum við eigin atvinnurekstur, ef notkunin er aðeins tilfallandi og í takmarkaðan tíma í þágu rekstrarins og eignirnar verða síðar notaðar til persónulegra þarfa. Í úrskurði yfirskaðanefndar nr. 348/2000 (sjá www.yskn.is) var manni sem starfaði við trésmiðar synjað um gjaldfærslu á tölvu en í úrskurðinum sagði m.a.: „... og þegar lítið er til þarfar slíks rekstrar almennt fyrir tölvu verður ekki talið að kærandi hafi sýnt fram á að umrædd tölva sé tilkomin vegna öflunar tekna í atvinnurekstri þannig að hún geti talist fyrnanleg eign samkvæmt 32. gr. laga nr. 75/1981. Verður því ekki talið að kæranda sé að neinu leyti heimil gjaldfærsla á kaupverði tölvunnar samkvæmt 41. gr. sömu laga.“

Lokaorð

Útgjöld sem flestir bera óháð því hvort þeir stunda rekstur eða ekki teljast eins og áður sagði almennt til einkaparfa. Hugsanlegt er að kostnaður sem einu sinni var almennt frádráttarbær verði síðar ekki frádráttarbær þegar kostnaðurinn er orðinn almennur hjá fólki. Sem dæmi um þetta mætti nefna tölvukaup. Flest heimili eru komin með tölvu og þær notaðar til persónulegra þarfa. Mat á því hvar mörkin milli einkakostnaðar og rekstrarkostnaðar mun því ávallt þurfa að sæta endurmati.

Þegar tveimur góðum kerfum lýstur saman ...

Ný lagasetning - skattyfirvöld hafi eftirlit með þiggjendum fæðingarorlfs



STEINÞÓR
HARALDSSON

Alþingi hefur samþykkt lög sem breyta ákvæðum laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. Nokkuð hefur verið rætt um þak sem lögin setja á fjárhæð orlofsgreiðslna en minna um annað í lögunum. Skal hér örlítið úr því bætt.

Ein helsta breytingin sem á varð er sú að fæðingarorlofskerfinu er samstillt skattkerfinu. Markmið þeirra breytinga er að koma á auknu jafnvægi milli inn- og útgreiðslu. Er þannig lagt til að Tryggingastofnun leiti staðfestingar hjá skattyfirvöldum á að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda er álagningin liggur fyrir. Er skattyfirvöldum gert skylt að láta stofnuninni í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmdina.

Grunsemdir um sviksamlegt hátterni

Leikið hefur grunur á að foreldrar hafi með ýmsum hætti leitast við að hafa áhrif á tekjur sínar til hækkunar á því tímabili sem notað er til viðmiðunar þegar þeim er ákvarðað fæðingarorlof.

Hafa foreldrar til dæmis áætlað hærri tekjur á sig fyrir viðmiðunartímabilið en þeir eru vanir að gera að meðaltali eða skilað inn til Tryggingastofnunar ríkisins launaseðlum sem ekki hafa síðan skilað sér til skattyfirvalda. Í nýju lögunum er sérstök áhersla lögð að kerfin verði keyrð saman þegar álagning skattyfirvalda liggur fyrir vegna þeirra tekjuára sem lagt er til að miðað verði við. Lögð er áhersla á að sem mest samræmi verði milli inn- og útstreymis sjóðsins.

Afturvirkar leiðréttingar

Til að þessu markmiði verði náð fær Tryggingastofnun ríkisins heimildir til að leiðrétta greiðslur til foreldra úr Fæðingarorlofssjóði þegar álagning skattyfirvalda liggur fyrir. Þannig verður foreldrum gert að endurgreiða sjóðnum þær fjárhæðir sem hafa verið ofgreiddar en að sama skapi er ætlast til að Tryggingastofnunin greiði þær fjárhæðir sem voru vangreiddar til foreldra ásamt vöxtum. Hafi verið um ofgreiðslu að ræða lætur stofnunin innheimtumann ríkissjóðs annast innheimtu þess fjár sem ofgreitt var með skuldajöfnun innan skattkerfisins.

Varstu að vinna í fríinu?

Nú hefur skattyfirvöldum þannig með þessum nýju lögum verið falið virkt eftirlit með framkvæmd fæðingarorlfs. Einkum skulu þau fylgjast með að for-

eldrar leggi niður störf í fæðingarorlofinu. Það er einmitt eitt lyklatríði laganna að foreldrar hætti að vinna utan heimilis til að annast börn sín. Er greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði ætlað að bæta tekjutap foreldra vegna þess. Foreldrar eiga ekki að hagnast á greiðslum úr sjóðnum þannig að orlofsgreiðslan sé viðbót við önnur laun fyrir sama tímabil. Í þeim tilvikum þegar grunur leikur á að foreldrar leggi ekki niður launuð störf í fæðingarorlofi skulu skattyfirvöld því fylgjast með staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá þann tíma sem fæðingarorlofi var ætlað að standa yfir. Einnig er ætlast til að skattyfirvöld fylgist með staðgreiðsluskrá foreldra eftir að foreldri hóf störf að nýju eftir fæðingarorlof. Grunur hefur vaknað um að foreldrar sem starfa á þeim tíma sem þeir eru skráðir í fæðingarorlof fái launagreiðslurnar greiddar á næstu mánuðum á eftir. Verði foreldrar uppvísir að slíku broti varðar það sektum.

Tekur gildi um næstu áramót

Lögin fengu hið ágæta númer 90/2004 og öðlast gildi laugardaginn 1. janúar 2005 og taka til foreldra þeirra barna sem fædd eru eða ættleidd þann dag eða síðar.

Hugleiðing



ÁSTA
KRISTJÁNSDÓTTIR

Í 1. tbl. 8. árg. Tíundar, fréttablaðs RSK, sem kom út í maí 1994, birtist grein undir nafninu „Fjölskyldan“ og önnur sem bar nafnið „Hagstofan ekki í lög-regluhlutverki“. Fjölskyldan var gerð að umfjöllunarefni í tilefni fjölskylduársins og var skattlagning fólks í óvígðri sambúð í brennidepli í fyrrnefndri grein auk þeirrar spurningar hvort það fælist skattalegt óhagræði í sambúð. Með aðgengilegum hætti var gerð grein fyrir þeim reglum sem giltu um samsköttun sambúðarfólks og hvernig samsköttunin hefur áhrif á skattlagningu jafnframt því sem skýrðar voru reglur varðandi skattlagningu einstæðra foreldra. Í síðarnefndu greininni voru hins vegar gerð skil á sveiflum sem höfðu verið í sambúðarskráningu fólks og hvernig því hefði verið haldið á lofti að þær tengdust breyttum reglum varðandi réttindi sambúðarfólks eða einstæðra foreldra. Í greininni var t.d. sýnt fram á gifurlega aukningu á skráningu sambúðar í árslok 1987 og ársbyrjun 1988 þegar farið var að dreifa skattkortum, en margir vildu geta nýtt persónuafslátt maka þegar staðgreiðsluferfið var tekið upp.

Þör sem hafa um árabíl verið í skráðri sambúð eða eiga von á barni saman standa frammi fyrir vali um það hvernig þau kjósa að haga sambandi sínu við skattyfirvöld, þ.e. hvort þau vilja koma fram sem einstaklingar eða

sem samskattað sambúðarfólk. Skatta-reglur á hverjum tíma kunna að ráða för við slíka ákvörðun og möguleikinn á fjárhagslegum ávinningi er oftast ástæða þess að ein leið er valin umfram aðra.

Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvist-um eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld. Heimild til samsköttunar sambúðarfólks má rekja aftur til ársins 1975 og á þeim tæpu 30 árum sem liðin eru síðan hefur löggjafinn smám saman dregið úr skilyrðum sem sambúðarfólk þarf að uppfylla til að eiga rétt á að skila sameiginlegu framtali og sæta sameiginlegri álagningu.

Helstu einkenni samsköttunar eins og löggjöfinni er háttað í dag eru þau að allur (100%) óráðstafaður persónuafsláttur vegna tekjuársins 2004 færist til sambúðaraðila og kemur til lækkunar á reiknuðum tekjuskatti eða gengur til greiðslu á útsvari og eignarskatti hans. Skili sambúðarfólk ekki sameiginlegu skattframtali millifærast persónuafsláttur ekki. Sambúðarfólk á þess kost að fullnýta fríeignamörk beggja sambúðaraðila og þannig eftir atvikum lækka eignarskatt. Barnabætur og vaxtabætur eru ákvarðaðar eins og hjá hjónum hvort sem óskað er samsköttunar eða ekki ef skilyrði samsköttunar skv. 3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eru á annað borð fyrir hendi. Þá getur samskattað sambúðarfólk nýtt sér frítekjumark beggja aðila varðandi hinn svokallaða hátekju-

skatt eða sérstaka tekjuskatt og þannig eftir atvikum lækkað hann. Það eru þó ekki einungis réttindi sem fylgja samsköttuninni, því sambúðarfólk sem er samskattað ber óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á það er lagt og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja.

Til fróðleiks má setja upp einfalt dæmi sem sýnir hvernig skattlagningu sambúðarfólks, sem uppfyllir skilyrði samsköttunar, kann að vera háttað eftir því hvort það óskar samsköttunar eða ekki.

Af dæmi B má sjá að augljóst hagræði er fólgið í samsköttun til að koma í veg fyrir eða lækka álagningu sérstaks tekjuskatts. Að öðru leyti er skattlagningin mjög áþekk því ákvörðun barnabóta og vaxtabóta miðar við samsköttunarreglur þrátt fyrir að sambúðarfólk óski ekki samsköttunar. Það leiðir okkur að öðrum vangaveltum. Lögheimilislög og lög um tilkynningar aðsetursskipta gera ráð fyrir að menn tilkynni um aðsetursskipti og skrái lögheimili sitt þar sem þeir hafa fast aðsetur. Það hafa verið brögð að því að sambúðarfólk láti hjá líða að fylgja þessum reglum og skrái sig til að mynda ekki á sameiginlegt heimilisfang þó það sé búið að koma sér upp heimili og fjölskyldu saman. Erfitt er að henda reiður á umfang rangra skráninga og það kunna að vera fleiri en ein skýring á slíku athafnaleysi. Gera má ráð fyrir að í mörgum tilvikum sé það einmitt til að komast fram hjá þeim ákvæðum skattlaganna sem bjóða að barnabætur og vaxtabætur þeirra, sem uppfylla í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003 um samsköttun, skuli

um skattlagningu sambúðarfólks

ákvarðaðar eins og hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki enda þótt sambúðarfólk óski ekki samsköttunar. Með því að sleppa því að skrá sig formlega í sambúð hefur „kerfið“ ekki tók á að fylgja því eftir hvort skilyrði tittnefndrar 3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003 eru fyrir hendi. Foreldrar sem fara þá leið að skrá sig ekki í sambúð þrátt fyrir að þau búi saman eru því annars vegar „einstætt foreldri“ og hins vegar „einstaklingur“ í augum skattkerfisins. Alþekkt er að einstætt foreldri nýtur ýmissa kjarabóta stöðu sinnar vegna og er það vel. Skattkerfið ívilnar einstæðum foreldrum til dæmis með hærra barnabótum og vaxtabótum. Það er því augljóslega freistandi að láta hjá líða að skrá sig í sambúð ef það eitt getur leitt af sér fjárhagslegan ávinning. Þetta felur í sér brot á lögfestum reglum. Erfitt er að sporna við slíkum lögbrotum því eftirlitið er strembið í framkvæmd eðli málsins samkvæmt. En hversu mikil er freistingin? Lítum á dæmi C og ímyndum okkur að Jón og Rósa hefðu aldrei hlutast til um að haga skráningu sinni í þjóðskrá í samræmi við raunveruleikann. Jón er enn skráður í foreldrahúsum, en Rósa í nýju íbúðinni sem þau fluttu í rétt eftir að þrjú börn fæddust. Rósa er skráð fyrir eignum og skuldum.

Mismunur barnabóta nemur hvorki meira né minna en kr. 574.442 og auk þess eru vaxtabætur kr. 190.522 hærri. Hagurinn sem Jón og Rósa hafa af því að „fresta“ því að skrá sig í sambúð vegna þessara líða er því kr. 764.964 ef við miðum við dæmi B þar sem þau óskuðu ekki samsköttunar. Það hagræði lækkar þó um kr. 972 vegna óhag-



stæðari álagningu eignarskatts í síðara dæminu. Rétt er að áréttta að dæmið er augljóslega einfalt í sniðum en það segir þó sína sögu. Það endurspeglar greinilega þá freistingu sem sambúðar-

fólk stendur frammi fyrir í tengslum við skráningu í þjóðskrá. Úrskurðafarmkvæmd hefur sýnt að sönnunarbyrði skattstjóra sem vill halda því fram að fólk sé í sambúð er þung. Málin krefjast

DÆMI A.

Jón og Rósa búa saman, eru skráð í sambúð og eiga tveggja ára þrjúbura. Þau kjósa að óska samsköttunar gjaldárið 2004 (tekjuárið 2003):

Jón - tekjuskattsstofn:	6.000.000	
Rósa - tekjuskattsstofn:	1.300.000	
Eignir:	15.000.000	
Skuldir (v/íb.kaupa):	10.000.000	
Sameiginlegur eignarskattsstofn:	5.000.000	
Vaxtagjöld vegna íbúðakaupa:	400.000	
Tekjuskattur Jóns:	1.545.000-321.900	= 1.223.100
Tekjuskattur Rósu:	334.750-321.900	= 12.850
Útsvar Jóns:		762.000
Útsvar Rósu:		165.100
Hátekjuskattur:		0
Eignarskattur:		0
Barnabætur alls:	Ótekjutengdar	108.924
	Tekjutengdar	0
	Vaxtabætur:	0

DÆMI B.

Sömu forsendur og í dæmi A. nema Jón og Rósa kjósa að skila skattframtali hvort í sínu lagi gjaldárið 2004 (tekjuárið 2003) og óska ekki samsköttunar:

Tekjuskattur Jóns:	1.545.000-321.900	= 1.223.100
Tekjuskattur Rósu:	334.750-321.900	= 12.850
Útsvar Jóns:		762.000
Útsvar Rósu:		165.100
Hátekjuskattur Jóns:		95.528
Eignarskattur Jóns og Rósu:		0
Barnabætur alls:		
Ótekjutengdar		108.924
Tekjutengdar		0
Vaxtabætur:		0

DÆMI C.

Í þessu dæmi eru forsendur þær að Jón og Rósa skrá sig ekki í sambúð og telja fram í sitt hvoru lagi

Tekjuskattur Jóns:	1.545.000-321.900	= 1.223.100
Tekjuskattur Rósu:	334.750-321.900	= 12.850
Útsvar Jóns:		762.000
Útsvar Rósu:		165.100
Hátekjuskattur Jóns:		95.528
Barnabætur Rósu:		
Ótekjutengdar		108.924
Tekjutengdar		574.442
Vaxtabætur Rósu:		190.522
Eignarskattur Rósu:		972

oftar en ekki umfangsmikilla rannsókna sem eru tímafrekar. Rétt er að benda á að það eru ekki eingöngu hinir skattalegu hagsmunir sem reifaðir hafa verið hér að framan sem freista heldur getur margt fleira komið til. Sem dæmi má nefna niðurgreiðslur leikskólagjalda og ýmsar tekjutengdar bætur almanna-trygginganna.

Þrátt fyrir að sönnunarstaðan sé erfið í málum sem þessum er ekki þar með sagt að æskilegt sé að slakað sé á sönnunarkröfum, enda má segja að þær endurspegli öðru fremur þá mikilvægu réttarvernd sem málsmeðferðarreglum skattalaga er ætlað að skapa. Til þess að stemma stigu við brotum af þessu tagi má segja að réttara væri að í ríkari mæli væri málum sem þessum vísað í skattrannsókn og látið reyna á refsingar samkvæmt skattalögum. Því til frekari stuðnings má segja að hin stranga sönnunarbyrði hefur oftast ekki í för með sér svo umfangsmiklar rannsóknaraðgerðir að eðlilegra er að það sé í höndum aðila sem almennt rannsaka skattrannsóknarmál samkvæmt lögum. Almennt má segja að viðurlög við brotum á skattalögum séu ströng og er það ekki hvað síst til að skapa almennan varnað gegn brotum á lögnum. Sá tilgangur á ekki síður við um þau brot sem hér hafa verið rædd en þau sem algengast er að sjá í skattsvikamálum sem flest lúta að því að tekjum hefur verið haldið utan skattframtala. Þannig má færa gild rök að því að einungis örfá mál af þessum toga sem færu í skattrannsókn og leiddu til refsingar gætu haft í för með sér að aftur á ný myndu aukast skráningar í sambúð í þjóðskrá þar sem óskráð sambúðarfólk vildi komast hjá því að lenda í refsimeðferð út af vanrækslu við að sinna skráningarskyldu.

molar

Molar



Ársreikningar í erlendum gjaldmiðli

Samkvæmt lögum nr. 25/2002, um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, geta félög að uppfylltum tilteknum skilyrðum sótt um heimild til ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli. Alls hafa 93 félög fengið þessa heimild, þ.a. 46 frá og með árinu 2002, 32 fyrir árið 2003 og nú þegar hafa 15 bæst við á árinu 2004. Flest félögin sækja um að gera upp í bandaríkjadöllum eða 61 félag, 23 félög í evrum, 7 í enskum pundum og tvö í sitt hvorum gjaldmiðlinum eða alls fimm gjaldmiðlar.

Rafræn samskipti - allra hagar

Hátt í 60 þúsund einstaklingar hafa nú gefið ríkisskattstjóra upp tölvupóstföng sín til samskipta. Þessi pósthöfundar eru notuð sparlega, til þess að benda á áhugaverða rafræna þjónustu og eins þegar sérstök ástæða þykir til. Þannig var haft samband við ríflega 500 einstaklinga í vor til þess að benda þeim á að þeir hefðu opnað framtöl sín á vefnum og eftir atvikum vistað þau, en væntanlega gleymt að skila þeim með formlegum hætti. Tæplega 300 einstaklingar brugðust skjótt við og luku formlegum skilum. Flestir þeirra hafa þar með vonandi losnað við þau óþægindi sem fylgja áætlun opinberra gjalda.

Lög um olíugjald og kílómetragjald

Í maí sl. samþykkti Alþingi lög nr. 87/2004, um olíugjald, kílómetragjald o.fl. sem koma munu í stað laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Lögin munu taka gildi 1.júlí 2005. Helstu breytingar eru þær að þungaskattur mun að mestu falla niður og öll ökutæki með díselvélar greiða olíugjald um leið og olían er keypt eins og gert er með bensín. Ökutæki og eftirvagnar yfir 10.000 kg að heildarþyngd munu áfram greiða kílómetragjald skv. öikumæli.

Fjárhæð olíugjalds verður 45 kr. á hvern lítra af olíu og miðað við verð á olíu í dag þá verður líter af díselolíu aðeins ódýrari en líter af bensíni. Ýmis tæki og not eru undanþegin greiðslu olíugjalds og verður litarefni bætt út í gjaldfrjálsa olíu. Er hér um að ræða olíu á skip og báta, olíu til húshitunar, olíu til nota í iðnaði og á vinnuvélar, dráttarvélar í landbúnaði o.fl.



Hægt að skoða álagningu 28. júlí

Peir sem skiluðu framtölum sínum rafrænt gátu nú skoðað álagningu sína 28. júlí á vef ríkisskattstjóra í krafti veflykils. Auk þess gátu þeir skoðað framtal sitt, eftir atvikum með áorðnum breytingum skattstjóra. Rúmlega 9.000 manns stigu rafræna skrefið til fulls og afþökkuðu álagningarseðil á pappír. Tæplega 60.000 manns hafa afþakkað að fá framtal á pappír á næsta ári og er von ríkisskattstjóra að stór hluti þeirra muni í ljósi reynslu núna, einnig afþakka álagningarseðil á næsta ári.

Karlar ráða f

Nú hafa kvenkyns lögmenntofnað sitt eigið félag sem hefur það að markmiði að hvetja fleiri konur til að fara út í lögmenntu. Ein af þeim sem unnu hvað ötulast að stofnun þessa félags var Vala Valtýsdóttir lögmaður, en hún starfaði hjá ríkisskattstjóra í 10 ár eftir að hún lauk sínu námi. Vala starfar nú á lögmannsstofunni Taxis sem sérhæfir sig í skattamálum og þar kemur henni að góðum notum reynslan frá skattframkvæmdinni. Hér á eftir er stutt viðtal við Völu þar sem hún kemur inn á kvennabaráttuna og störfin hjá ríkisskattstjóra.



Vala Valtýsdóttir lögmaður.

"Það voru margir hissa á því þegar við tókum okkur til nokkrir kvenlögfræðingar og fórum út í að stofna félag kvenna í lögmenntu. Mönnum fannst þetta vera algjör tímaskekkja. En við fórum að skoða hvers vegna svona fáar konur eru lögmennt og hvers vegna svona fáar af þeim konum eru eigendur lögmannsstofa. Okkur fannst þetta mjög sérkennilegt því að ríflega helmingur útskrifaðra lögfræðinga hafa verið konur nú síðari ár.

Það voru t.d. ekki margir kvenlögfræðingar starfandi hjá skattkerfinu þegar ég hóf þar störf en í dag skilst mér að þær séu á bilinu 20-30. Ég starfaði á virðisaukaskattskrifstofunni

hjá ríkisskattstjóra í tæp 10 ár og tók þátt í að undirbúa upptöku virðisaukaskattsins frá upphafi. Mér var fyrst og fremst ætlað að vinna að lögfræðilegum túlkunum en þannig fór að ég var sett í kynninguna með Guðrúnu Helgu Brynleifsdóttur, sem þá var deildarstjóri. Það var svo mikil vinna í kringum þessar kynningar, við byrjuðum um haustið að halda kynningarfundum og þeir urðu yfir hundrað á þrem til fjórum mánuðum. Þetta var mikil eldskírni fyrir mig, það var mikið átak að fara að kynna efni sem maður var rétt að byrja að fá innsýn í. Á þessum tíu árum

gegndi ég lengst af starfi yfirlögfræðings en undir það síðasta var ég sett forstöðumaður. Ég held að það sé ekki mjög hollt að hafa sama fólk á sömu skrifstofu mjög lengi. Það vill brenna við að slíkir starfsmenn verði besservisserar sem ekki þýðir að rökræða við og ég held að þannig hafi það verið orðið með mig. Það er að mínu mati nauðsynlegt að færa fólk á milli deilda og stofnana innan skattkerfisins en ég tel að það sé of lítið gert af því. Það var alla vega mjög gott fyrir mig að breyta til.

Á þeim tíma sem ég var hjá ríkisskattstjóra má segja að það hafi orðið

rekar karla ...



Þessi mynd var tekin á skattstjórafundi sem haldinn var á Stykkishólmi árið 1997 þegar Vala afrekaði það fyrst kvenna að komast í fótboltalið skattstjóranna.

nokkur kvennabylling í skattkerfinu. Það hafði almennt ekki tíðkast að konur gegndu stjórnunarstörfum en það varð nokkur breyting á því á þessum tíma. Má þar nefna að Guðrún Helga Brynleifsdóttir varð vararíkisskattstjóri, Elín Árnadóttir varð fyrsta konan sem var skipuð skattstjóri og Jónína Jónasdóttir varð fyrst kvenna til að taka sæti í yfirskattanefnd. Það er kannski ótrúlegt að enn í dag skuli konur einungis hafa orðið skattstjórar á einum stað á landinu, þ.e. á Vestfjörðum. Þá finnst mér árlegu sumarfundurir skattstjóra og fjármálaráðuneytis vera ágætt dæmi, en

lengst af voru fundarmenn nær eingöngu karlar, en það hefur breyst síðustu ár þó að karlar séu þar enn í miklum meirihluta vegna stöðu sinnar. Mér er það sérstaklega minnisstætt hversu harða baráttu ég þurfti að heyja til að komast í fótboltalið skattstjóranna, enda eina konan fyrr og síðar sem það hefur tekist.

Það er tilfellið að hjá hinu opinbera komast konur síður að í stjórnunarstörf en karlar, þó það hafi eflaust lagast eitt-hvað. Það er staðreynd að karlar ráða frekar karla til starfa, þó það sé nóg af konum sem sækja um og hafa sam-

bærilega reynslu og menntun. Þetta tel ég að sé meira hjá hinu opinbera en annars staðar og ég hef ekki eins orðið vör við þetta hjá einkageiranum, en frá því ég hætti hjá ríkisskattstjóra hef ég starfað á endurskoðunarskrifstofum og svo hér á Taxis."

Álagning á einsta



PÁLL KOLBEINS

Skattstjórar hafa nú lokið við að leggja skatta á tekjur einstaklinga á árinu 2003. Það sem má telja einna markverðast við niðurstöður álagningar nú er að framtaldar fjármagnstekjur hækkuðu gríðarlega á sama tíma og tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkaði tiltölulega minna en undanfarin ár. Þá hækkaði eignarskattsstofn einnig umtalsvert á milli ára. Hækkun skattstofna hefur leitt til mikillar hækkunar á fjármagnstekjuskatti og eignarskatti á sama tíma og almennur tekjuskattur og útsvar hækka minna. Ef aldamótaárið er haft til hliðsjónar hægir enn nokkuð á vexti en það er þó síður en svo hægt að segja að um verulegan samdrátt sé að ræða. Hér á eftir verður tæpt á því helsta sem má telja markvert við niðurstöður álagningar árið 2004.

Tekjur og tekjuskattar

Tekjur hækkuðu nú meira á milli ára en í fyrra en hér skiptir sköpum mikil hækkun fjármagnstekna. Skattskyldar tekjur hækkuðu nú um rúmlega 40,4 milljarða eða um 8% samanborið við 6,5% hækkun í fyrra. Þær voru nú tæpir 547,2 milljarðar samanborið við 506,8 milljarða við álagningu árið 2003. Tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkaði nú minna en undanfarin ár, um rúman 22,1 milljarð, eða um 4,8%, úr 461,2 milljörðum í 483,3 milljarða. Tekjuskattstofn hefur reyndar ekki hækkað svona lítið á milli ára síðan við álagningu 1998. Sé miðað við hlutfallslega hækkun stofnsins verður að fara aftur til álagningarársins 1996 til að finna dæmi jafn litillar hækkunar en þá hækkaði tekjuskattstofn um 4,1% frá fyrra ári.

Af einstökum tekjulíðum hækkuðu laun og aðrar starfstengdar greiðslur mest eða um tæplega 21,6 milljarð á

milli ára, sem er 5,8% hækkun. Þetta er minni hækkun en á milli álagningaráranna 2002 og 2003 en þá hækkuðu laun og aðrar starfstengdar greiðslur um 27,5 milljarða, eða 8%. Þá hafði dregið nokkuð úr vexti frá því árið þar á undan. Framtalin laun og starfstengdar greiðslur voru nú um 391,8 milljarðar. Þeim sem telja fram laun og starfstengdar greiðslur fjölgaði um 1,4% frá árinu á undan. Þeir voru 160.505 í fyrra og hafði þá fjölgað um 1,7% frá árinu áður, en nú töldu 162.767 manns fram laun og starfstengdar greiðslur.

Reiknað endurgjald af vinnu við eigin atvinnurekstur var nú tæpir 15,5 milljarðar, hækkaði um rúmar 23 milljónir frá álagningu í fyrra, eða um 0,2%. Hreinar tekjur af atvinnurekstri voru nú 5,6 milljarðar, 289 milljónum lægri en í fyrra, sem er 4,9% lækkun á milli ára. Hreinar tekjur af atvinnurekstri höfðu lækkað um 2,9 milljarða frá álagningu árið þar á undan. Þeim sem reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur fækkaði enn á milli ára, úr 19.817 í 19.080, eða um 737, sem er fækkun um 3,7% á milli ára, en þeim sem telja fram hreinar tekjur af atvinnurekstri fækkar um 2,7% frá því í fyrra. Þeir voru nú 13.802 en í fyrra voru þeir 14.183 og hefur þeim því fækkað um 381 á milli ára. Svo virðist sem nokkuð hafi dregið úr mikilli fækkun einstaklinga með eigin atvinnurekstur en þeim hefur fækkað mjög hratt á síðastliðnum árum. Einstaklingar sem reiknuðu sér endurgjald voru t.d. 24.176 við álagningu árið 2000 og hefur því fækkað um 5.096 frá þeim tíma, eða 21,1%.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum hækka enn mikið milli ára eða um rúma 2,8 milljarða, sem er um 11,3%. Þetta er heldur minni hækkun en í fyrra en þá hækkuðu þessar greiðslur um rúma 3,4 milljarða frá fyrra ári, eða 15,7%. Nú voru framtaldar greiðslur úr lífeyrissjóðum tæpir 27,8 milljarðar en þær voru tæpir 25 milljarðar í fyrra og tæplega 21,6 milljarðar skv. framtölum árið þar á undan.

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins hækka einnig nokkuð milli ára eða

um tæplega 3,1 milljarð, úr 24,8 milljörðum í 27,9 milljarða. Þetta er hækkun um 12,3% á milli ára. Þeim sem telja fram þessar greiðslur fjölgar hins vegar ekki að sama skapi. Þeir voru 45.120 við álagningu árið 2003 en nú töldu 46.247 manns fram skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og hefur þeim því fjölgað um 2,5% á milli ára.

Það vekur nokkra athygli að framtaldar atvinnuleysisbætur hækka mikið á milli ára. Þær voru 3,3 milljarðar nú en tæpir 2,3 milljarðar í fyrra og hafa því hækkað um rúm 44,3% á milli ára. Þetta er þó mun minni hækkun en árin þar á undan en atvinnuleysisbætur hækkuðu um 100,2% á milli álagningaráranna 2002 og 2003, úr 1,1 milljarði í tæpa 2,3 milljarða. Þeim sem telja fram atvinnuleysisbætur nú fjölgar einnig nokkuð, þeir voru 10.298 við álagningu 2003 en 12.759 í ár og hefur því fjölgað um 2.461 á milli ára, eða um 23,9%.

Sem fyrr segir hækkuðu fjármagnstekjur um 18,3 milljarða frá álagningu í fyrra. Þær voru nú rúmir 63,8 milljarðar en voru rúmir 45,5 milljarðar í fyrra og hafa því hækkað um rúm 40,2% á milli ára. Hér er þó á engan hátt um einsdæmi að ræða því fjármagnstekjur hafa hækkað gríðarlega mikið á undanförunum árum. Í fyrra hækkuðu fjármagnstekjur um 10,4% frá fyrra ári, en þá hægði nokkuð á hröðum vexti fjármagnstekna. Hins vegar hækkuðu fjármagnstekjur um 67,4% á milli áruna 1999 og 2000, 33,1% á milli áruna 2000 og 2001 og 25,6% á milli áruna 2001 og 2002. Vægi fjármagnstekna hefur aukist að sama skapi en hátt í helmingur, eða 45,3% tekjuaukans á síðasta ári voru fjármagnstekjur.

Af einstökum líðum fjármagnstekna hækkar söluhagnaður hlutabréfa mest eða um tæplega 11,2 milljarða, sem er 52,1% hækkun frá því fyrir ári. Söluhagnaður hlutabréfa var rúmir 32,7 milljarðar nú samanborið við 21,5 milljarða í fyrra. Á síðustu tveim árum hefur söluhagnaður hlutabréfa rúmlega tvöfaldaast. Fjölskyldum sem telja fram sölu-

hagnað fjölgað einnig mikið á milli ára, eða um 64%. Þær voru 8.855 nú en 5.401 í fyrra og fjölgaði því um 3.454 á milli ára.

Arður af hlutabréfum hækkaði einnig mikið á milli ára en 12,4 milljarðar voru taldir fram í arð af hlutabréfum, rúmum 3,9 milljörðum meira en í fyrra. Arðstekjur hækkuðu því um 45,9% á milli ára. Þeim sem telja fram arð af hlutabréfum fjölgað hins vegar ekki að sama skapi. Fjölskyldur sem töldu fram arð af hlutabréfum voru 36.458 í ár en 35.458 í fyrra og fjölgaði þeim því um 2,6% á milli ára.

Framtaldir vextir af skuldum og verðbréfum aukast einnig mikið á milli ára, eða um 40,2% frá því í fyrra. Þessi tekjuliður var rúmlega 3,9 milljarðar nú en 2,8 milljarðar í fyrra og hafa vextir af skuldum og verðbréfum því hækkað um rúmlega 1,1 milljarð á milli ára. Þeim sem telja fram vaxtatekjur af skuldum og verðbréfum fjölgað einnig mikið frá álagningu í fyrra. Nú taldi 6.841 fjölskylda fram vexti af skuldum og verðbréfum en í fyrra voru þær 5.088 og hefur þeim því fjölgað um 1.753 eða 34,5% á milli ára.

Framtaldir vextir af skattfrjálsum verðbréfum aukast um 26,4% á milli ára, þeir voru tæpir 2,2 milljarðar í fyrra en voru nú tæpir 2,8 milljarðar. Fjölskyldur sem telja fram vexti af skattfrjálsum verðbréfum fjölgað um rúm 10,2% á milli ára. Þær voru 7.756 í fyrra

en voru nú 8.544. Vaxtatekjur af bankainnstæðum lækka enn á milli ára, eða um 790 milljónir, 9,7%. Vextir af innstæðum lækkuðu um rúma 2,5 milljarða á milli álagningar 2002 og 2003, eða 23,6%. Lækkun vaxtatekna af bankainnstæðum er athyglisverð í ljósi þess að innstæður í bönkum hækkuðu um tæpa 19,3 milljarða á milli ára. Á síðustu tveimur árum hafa vaxtatekjur af bankainnstæðum lækkað um 3,3 milljarða eða 31% en á sama tíma hafa innstæður skv. framtölum hækkað um 39,2 milljarða, eða 34,3%. Þeim sem telja fram vexti af bankainnstæðum fjölgaði um 1,5% á milli áruna 2003 og 2004 og um 0,3% á milli áruna 2002 og 2003.

Fjármagnstekjur hafa hækkað mikið á undanförunum árum og vega söluhagnaður og arðgreiðslur mjög þungt í

Framtöl einstaklinga 2002 til 2004 - Skattskyldar tekjur einstaklinga

(í milljónum króna)	Skattskyldar tekjur					Fjöldi framteljenda með tekjur					
	Upphæðir		Breytingar '03-'04			Fjöldi með tekjur		Breytingar '03-'04			
	2002	2003	2004	Millj. kr.	%	2002	2003	2004	Fjöldi	%	
Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.:											
Laun, starfst.gr. o.fl.	342.802	370.270	391.838	21.568	5,8%	157.804	160.505	162.767	2.262	1,4%	
Ókutækjastyrkur	5.218	5.544	5.761	217	3,9%	32.754	32.732	32.954	222	0,7%	
Dagpeningar	5.235	5.256	5.380	124	2,4%	22.511	22.221	23.210	989	4,5%	
Reiknað endurgjald	17.857	15.470	15.493	23	0,2%	22.380	19.817	19.080	-737	-3,7%	
Greiðslur frá Tryggingastofnun	23.455	24.802	27.856	3.054	12,3%	45.801	45.120	46.247	1.127	2,5%	
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	21.575	24.963	27.791	2.828	11,3%	35.890	37.139	38.508	1.369	3,7%	
Aðrar tekjur	2.103	2.474	3.005	531	21,5%	16.488	19.248	25.677	6.429	33,4%	
Husaleigubætur, aðstoð og styrkir	1.308	905	1.014	109	12,0%	8.678	4.408	4.694	286	6,5%	
Atvinnuleysisbætur	1.148	2.299	3.317	1.018	44,3%	7.293	10.298	12.759	2.461	23,9%	
Styrkir vegna náms og vísindstarfa o.fl.	460	574	707	134	23,3%	8.003	10.382	13.141	2.759	26,6%	
Tekjur erlendis frá	118	100	129	29	28,9%	121	108	114	6	5,6%	
Bakfærður frádráttur v/hlutabréfakaupa	38	42	27	-15	-34,8%	344	375	236	-139	-37,1%	
Samtals:	421.318	452.697	482.319	29.621	6,5%	197.336	199.865	204.113	4.248	2,1%	
Hreinar tekjur af atvinnurekstri	8.812	5.890	5.600	-289	-4,9%	15.630	14.183	13.802	-381	-2,7%	
Áætlun											
Áætlaður tekjuskattstofn viðbót	31.077	32.148	26.240	-5.908	-18,4%	13.123	11.777	10.225	-1.552	-13,2%	
Áætlað álag á tekjuskattstofn	2.276	2.636	2.243	-394	-14,9%	12.293	11.588	9.348	-2.240	-19,3%	
Samtals:	33.352	34.784	28.483	-6.301	-18,1%	13.123	11.779	10.225	-1.554	-13,2%	
Frádráttur frá launum o.fl.											
Kostnaður á móti ökutækjastyrk	3.395	3.655	3.724	69	1,9%	26.640	27.220	27.829	609	2,2%	
Frádráttur vegna dagpeninga	4.942	4.955	5.106	151	3,0%	20.698	20.262	21.087	825	4,1%	
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð	13.513	14.619	15.560	942	6,4%	160.533	162.619	165.752	3.133	1,9%	
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð, 4%	4.261	5.800	6.800	1.000	17,2%	59.901	70.566	77.107	6.541	9,3%	
Fjárfesting í atvinnurekstri	823	606		-606	-100,0%	7.793	5.518		-5.518	-100,0%	
Frádráttur vegna náms og vísindastyrkja	298	390	457	68	17,3%	5.683	7.328	8.962	1.634	22,3%	
Frádráttur vegna annarra styrkja	145	214	301	88	41,1%	1.974	4.396	7.373	2.977	67,7%	
Samtals:	27.377	30.237	31.949	1.711	5,7%	162.313	164.243	166.796	2.553	1,6%	
Lækkun skv. 65. gr.	1.647	1.899	1.113	-787	-41,4%	10.286	11.449	11.262	-187	-1,6%	
Tekjuskatts- og útsvarsstofn	434.465	461.243	483.344	22.101	4,8%	210.500	211.666	214.371	2.705	1,3%	
Neikvæður	7	8	3	-5	-62,0%	51	47	23	-24	-51,1%	
Fjármagnstekjur	41.257	45.528	63.837	18.309	40,2%	76.128	74.436	76.924	2.488	3,3%	
Skattskyldar tekjur samtals	475.721	506.770	547.180	40.410	8,0%						
Fjöldi framteljenda á grunnskrá						224.914	226.462	229.665	3.203	1,4%	

Framtöl einstaklinga 2002 til 2004 - Fjármagnstekjur einstaklinga

(í milljónum króna)	Fjármagnstekjur					Fjöldi fjölskyldna				
	Upphæðir		Breytingar '03-'04			Fjöldi		Breytingar '03-'04		
	2002	2003	2004	Millj. kr.	%	2002	2003	2004	Fjöldi	%
Arður og vextir af stofnsjóðsinneign										
Arður af hlutabréfum	7.111	8.052	11.518	3.466	43,0%	38.327	35.535	36.458	923	2,6%
Arður af erlendum hlutabréfum	328	455	897	443	97,4%	300	315	387	72	22,9%
Vextir af stofnsjóðsinneign	11	12	11	-1	-9,7%	2.361	1.879	2.051	172	9,2%
Samtals:	7.451	8.519	12.426	3.908	45,9%	*	*	*	*	*
Vaxtatekjur										
Vextir af innstæðum barna	69	49	57	8	16,0%	4.040	3.877	3.856	-21	-0,5%
Vextir af innstæðum í bönkum	10.649	8.137	7.347	-790	-9,7%	52.929	53.071	53.888	817	1,5%
Vextir af útistandandi skuldir/verðbr.	2.551	2.806	3.933	1.127	40,2%	6.745	5.088	6.841	1.753	34,5%
Vextir af skattfrjálsum verðbréfum	1.914	2.190	2.769	579	26,4%	6.642	7.756	8.544	788	10,2%
Samtals:	15.184	13.183	14.106	924	7,0%	*	*	*	*	*
Leigutekjur	1.825	2.102	2.555	453	21,6%	4.837	5.128	5.621	493	9,6%
Söluhagnaður										
Hagnaður af sölu hlutabréfa	16.005	21.526	32.737	11.211	52,1%	4.503	5.401	8.855	3.454	64,0%
Annar söluhagnaður	1.121	592	2.011	1.419	239,5%	554	632	775	143	22,6%
Samtals:	17.125	22.118	34.748	12.630	57,1%	*	*	*	*	*
Fjármagnstekjur samtals	41.257	45.528	63.837	18.309	40,2%	76.128	74.436	76.924	2.488	3,3%

*Fjármagnstekjur eru taldar fram af því hjóna sem hefur hærri tekjur og því vísa tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga.

mikilli aukningu þeirra. Árið 1996 voru arðgreiðslur og söluhagnaður t.d. um 18% fjármagnstekna, en við álagningu nú voru 72,7% fjármagnstekna söluhagnaður og arðgreiðslur.

Tekjuskattar hækkuðu nú um 6,3% á milli ára, nokkru minna en skattskyldar tekjur sem hækkuðu um 8% á milli ára. Hér skiptir mestu að stór hluti tekjuaukningarinnar er vegna aukinna fjármagnstekna og að sérstakur tekjuskattur var lækkaður við álagningu nú í ár. Tekjuskattar til ríkissjóðs hækkuðu um rúma 4,6 milljarða, eða 7,5% og voru nú 66,2 milljarðar. Almennur tekjuskattur, sem er sá hluti álagðs tekjuskatts sem stendur eftir, eftir að ríkið hefur tryggt sveitarfélögum útsvar af tekjum þeirra sem eru undir skattleysismörkum, hækkaði nokkuð, eða um tæpa 3,2 milljarða, úr rúmu 55,2 milljörðum í 58,4 milljarða. Þetta er hækkun um 5,8% á milli ára, sem er svipað og í fyrra, en þá hækkaði almennur tekjuskattur um rúman 3,1 milljarð, sem var 6% af álagningu ársins þar á undan. Skatthlutfall almenns tekjuskatts var nú óbreytt, 25,75%. Persónuafsláttur hækkaði úr 312.024 í 321.900 á milli ára og hækkuðu skattleysismörk í staðgreiðslu því um 3,14% á milli ára. Þau voru nú 835.019 krónur á ári en miðdust við árstekjur umfram 809.611 á fyrra ári. Ríkið heimtír nú tekjuskatt af 148.466 gjaldendum, sem er 5.491 fleiri en í fyrra, en þá var lagður tekjuskattur

á 142.975 gjaldendum. Gjaldendum tekjuskatts fjölgaði því um 3,8% á milli ára.

Það vekur nokkra athygli að sérstakur tekjuskattur lækkar nú um rúma 415 milljónir, eða rúm 23,4% frá því í fyrra, en skatturinn hefur hækkað mikið á undanförunum árum. Hann hækkaði t.d. um 24,7% á milli áruna 2002 og 2003, úr rúmu 1,4 milljörðum í tæpa 1,8 milljarða. Nú voru tæplega 1,4 milljarðar lagðir á í sérstakum tekjuskatti en skatturinn er lagður á tekjuskattsstofn einstaklings yfir 4.089.450. Í fyrra voru mörkin kr. 3.980.000 hjá einstaklingi og tvöföld sú fjárhæð hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki. Tekjumörkin sem skatturinn miðast við hækkuðu því um 2,8% á milli ára. Skýringar á því hvers vegna skatturinn hefur lækkað er fyrst og fremst að leita í lækkun skatthlutfallsins um 2/7, eða 28,6%, en sérstakur tekjuskattur var nú lækkaður úr 7%, á tekjur ársins 2002, í 5% á tekjur ársins 2003 og er hann nú jafn hár og hann var þegar hann var tekinn upp árið 1994. Við álagningu 1999 var skatturinn hækkaður í 7%. Skattstofn sérstaks tekjuskatts hækkaði úr rúmu 25,3 milljörðum í rúma 27,2 milljarða, eða um rúm 7,5%, talsvert meira en tekjuskatts- og útsvarsstofn sem hækkaði um 4,8%. Skattstofn sérstaks tekjuskatts heldur því áfram að hækka talsvert hraðar en skattstofn undir mörkum sérstaks tekjuskatts. Frá árinu

1994 hefur stofn sérstaks tekjuskatts hækkað um 210,4%, á sama tíma hefur tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkað helmingi hægar, eða um 110,8%. Í þessu samhengi ber þó að hafa í huga að þegar skatturinn var lagður á fyrst var hann lagður á tekjuskatts- og útsvarsstofn um 4% framteljenda með tekjuskatts- og útsvarsskyldar tekjur, en nú var hann lagður á skattstofn rétt um 7% gjaldenda. Þeim sem greiða sérstakan tekjuskatt hefur því fjölgað um 76,4% í hlutfalli við gjaldendum með útsvarsskyldar tekjur. Að öllu jöfnu má reikna með að skatturinn hefði skilað um 1,9 milljörðum hefði hann ekki verið lækkaður og að ávinningur skattþega af lækkuninni sé því um 540 milljónir. Þeim sem greiða sérstakan tekjuskatt fjölgaði um 397 á milli ára, eða um 2,7%. Þeir voru 14.589 í fyrra og hafði þá fjölgað um 9,7% frá árinu áður, en nú var sérstakur tekjuskattur lagður á 14.986 gjaldendum, eða 7% gjaldenda með útsvarsskyldar tekjur, en þetta hlutfall er nær óbreytt frá álagningu í fyrra.

Útsvar sem rennur til sveitarfélaga er nú rétt rúmir 63 milljarðar, það var tæpir 60 milljarðar í fyrra og hefur það því hækkað um rúma þrjá milljarða, eða 5,1% á milli ára. Útsvar hækkar nokkru meira en skattstofninn, en sem áður segir hækkaði tekjuskatts- og útsvarsstofn um 4,8% á milli ára. Hækkun útsvars endurspeglar hækkingu tekjur en

Framtöl einstaklinga 2002 til 2004 - Eignir og skuldir einstaklinga

(í milljónum króna)	2002	Eignir og skuldir				Fjöldi fjölskyldna með eignir				
		Upphæðir 2003	2004	Breytingar '03-'04 Millj. kr.	%	2002	Fjöldi 2003	2004	Breytingar '03-'04 Fjöldi	%
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	43.814	36.836	37.596	761	2,1%	10.041	9.063	8.901	-162	-1,8%
Eignarskattfrjáls verðbréf	44.803	46.998	52.375	5.376	11,4%	16.459	15.961	15.151	-810	-5,1%
Ókutæki	103.474	102.698	107.243	4.545	4,4%	91.351	92.304	94.351	2.047	2,2%
Hlutabréf	49.117	47.868	47.106	-762	-1,6%	52.478	52.420	50.699	-1.721	-3,3%
Hlutabréf í erlendum félögum	4.168	3.124	3.769	645	20,6%	6.251	6.013	5.951	-62	-1,0%
Innlendar innistæður. ofl. skv sérl.	114.173	134.078	153.344	19.266	14,4%	53.540	54.161	55.433	1.272	2,3%
Innstæður í erlendum bönkum	806	1.289	1.371	82	6,3%	629	593	613	20	3,4%
Verðbréf, útistand. skuldir ofl.	40.940	46.106	60.264	14.159	30,7%	14.445	14.470	14.720	250	1,7%
Aðrar eignir	5.343	5.934	7.111	1.177	19,8%	11.472	12.119	13.579	1.460	12,0%
Áætluð nettó eign viðbót	31.279	32.937	24.514	-8.424	-25,6%	4.058	3.851	2.910	-941	-24,4%
Áætluð viðbót við stofn	4.655	4.945	3.668	-1.277	-25,8%	4.030	3.845	2.906	-939	-24,4%
Stofnsjóðsineign	200	174	148	-26	-14,9%	3.744	2.437	2.370	-67	-2,7%
Samtals:	442.772	462.986	498.508	35.522	7,7%	*	*	*	*	*
Fasteignir	963.652	1.034.419	1.171.984	137.565	13,3%	86.955	88.198	90.581	2.383	2,7%
Eignir alls	1.405.655	1.496.477	1.669.429	172.953	11,6%	124.549	125.683	127.146	1.463	1,2%
Skuldir vegna íbúðarkaupa	366.625	401.253	451.475	50.222	12,5%	65.372	66.749	69.137	2.388	3,6%
Skuldir	547.381	586.488	656.779	70.291	12,0%	91.717	93.678	96.481	2.803	3,0%
Eignarskattstofn jákvæður	776.992	810.965	898.447	87.481	10,8%	95.944	96.442	98.419	1.977	2,0%
Eignarskattstofn, neikvæður	54.903	57.023	60.169	3.145	5,5%	24.056	25.121	25.073	-48	-0,2%

*Eignir hjóna og sambúðarfólks eru taldar fram sameiginlega og því vísa fjöldatölur til fjölda fjölskyldna sem telur fram eignir en ekki einstaklinga

meðalútsvar í staðgreiðslu hélst nær óbreytt á milli ára, hækkaði aðeins um 0,01%, úr 12,79% á tekjur ársins 2002 í 12,80% á tekjur ársins 2003.

Áætlanir

Skattstofnar og skattar 10.225 gjaldenda voru nú áætlaðir af skattstjórum, en þeim sem ýmist skiluðu ekki framtali eða eru taldir hafa vantalið tekjur fækkaði nú um 1.552 á milli ára, eða 13,2%. Nú voru áætlaðir 28,5 milljarðar í vantaldar tekjur og álag, rúmum 6,3 milljörðum minna en í fyrra. Skattar rúmlega 4,5% framteljenda á grunnskrá eru nú áætlaðir sem er rétt um einum hundraðshluta færri en undanfarin ár. Frá álagningu árið 2000 hefur gjaldendum sem skattstjórar áætla tekjur fækkað stöðugt en álagningarárið 2000 voru um 6% framteljenda á grunnskrá áætlaðar tekjur.

Frádráttur og ívilnanir

Tvennt vekur helst athygli við samtölur frádráttarliða á skattframtölum ársins 2004. Annars vegar eykst vægi séreignarlífeyrissparnaðar enn mikið á milli ára, en slíkur sparnaður hefur aukist stöðugt á undanförunum árum, hins vegar féll frádráttur vegna kaupa á hlutabréfum nú niður, en afsláttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri hefur verið við lýði, með einum eða öðrum hætti síðan 1984. Nú nýttu 77.107

gjaldendur sér rétt til að draga lífeyrissparnað í séreignarlífeyrissjóð frá skattstofni, sem eru 9,3%, eða 6.541 fleiri en við álagningu í fyrra en þá nýttu 70.566 manns sér rétt til frádráttar og hafði þeim þá fjölgað um 10.665 frá fyrra ári, eða 17,8%. Í ár var tekjuskatts- og útsvarsstofn lækkaður um 6,8 milljarða vegna séreignarsparnaðar, sem er einum milljarði meira en í fyrra en þá var frádráttur vegna séreignarsparnaðar 5,8 milljarðar og hafði þá hækkað um 36% frá fyrra ári og 75,5% á milli áranna þar á undan. Frádráttur vegna skylduiðgjalds í almennan lífeyrissjóð helst nokkurn veginn í hendur við launaþróun frá ári til árs. Nú greiddu 165.752 manns iðgjald í almennan lífeyrissjóð, en þeir voru 162.619 í fyrra. Heildarfrádráttur var tæpir 15,6 milljarðar sem er rúmum 942 milljónum meira en í fyrra.

Sem fyrr segir féll afsláttur vegna kaupa á hlutabréfum nú niður, en ekki er lengur heimilt að draga fjárfestingu í hlutabréfum frá skattstofni. Nokkuð hefur dregið úr vægi afsláttarins á síðustu árum en í fyrra var tekjuskatts- og útsvarsstofn lækkaður um 606 milljónir, en þá nýttu 5.518 gjaldendur sér rétt til frádráttar. Ef reiknað er með að allir þeir sem nýttu sér rétt til frádráttar hafi verið með tekjur yfir skattleysismörkum má ætla að skattalegur ávinningur skattþega hafi því verið um 230 milljónir á

síðasta ári.

Ívilnun skv. 65. gr. lækkar nú mikið á milli ára. Frádráttur vegna ívilunar lækkaði úr 1,9 milljarði í 1,1 milljarð, eða 41,4% frá álagningu í fyrra, eða um 787 milljónir. Má ætla að megin-skýringin á mikilli lækkun ívilunar sé sú að á síðasta ári var hætt að ívilna öldruðum sem dvöldu á dvalarheimilum. Dvalarheimilisuppbót var greidd út hjá Tryggingastofnun og ívilnað á móti greiðslunni. Nú greiðir Tryggingastofnun beint til dvalarheimila og kemur greiðslan því ekki fram á framtali einstaklingsins. Þeim sem njóta ívilunar fækkaði um 187. Þeir voru 11.449 í fyrra en voru nú 11.262.

Eignir og skuldir

Landsmenn töldu nú fram 1.669,4 milljarða eignir á framtölum ársins 2004 sem er tæpum 173 milljörðum meira en í fyrra. Eignir jukust um 11,6% á milli ára, sem er talsvert meiri aukning en á milli álagningaráranna 2002 og 2003, en minni aukning en á milli áranna þar á undan en þá jukust eignir um 13,6% á milli ára. Af einstökum eignaliðum hækkuðu fasteignir mest, eða um tæpa 137,6 milljarða, sem er 13,3% hækking, tæplega helmingi meiri hækking en í fyrra en þá hækkuðu fasteignir um rúma 70,8 milljarða, sem var þá 7,3% af fasteignamatí ársins 2002. Fasteignir hækkuðu hins vegar um rúma 144,2

Opinber gjöld einstaklinga 2002 og 2004

(í milljónum króna)	2002	Álögð gjöld				Fjöldi gjaldenda				
		Upphæðir 2003	2004	Breytingar '03-'04 Millj. kr.	%	2002	Fjöldi 2003	2004	Breytingar '03-'04 Fjöldi	%
Almennur tekjuskattur	52.070	55.207	58.406	3.199	5,8%	142.209	142.975	148.466	5.491	3,8%
Sérstakur tekjuskattur	1.421	1.773	1.358	-415	-23,4%	13.300	14.589	14.986	397	2,7%
Fjármagnstekjuskattur	4.144	4.581	6.442	1.860	40,6%	76.128	74.436	76.924	2.488	3,3%
Tekjuskattar til ríkissjóðs alls	57.636	61.561	66.206	4.645	7,5%	*	*	*	*	*
Útsvar	56.046	59.995	63.043	3.048	5,1%	217.442	218.163	221.814	3.651	1,7%
Tekjuskattar alls	113.682	121.556	129.248	7.693	6,3%	*	*	*	*	*
Almennur eignarskattur	3.425	1.815	2.176	361	19,9%	62.976	65.173	69.495	4.322	6,6%
Sérstakur eignarskattur	368	-	-	-	-	29.882	-	-	-	-
Eignarskattar alls	3.793	1.815	2.176	361	19,9%	*	*	*	*	*
Gjald í framkvj. aldr.	761	857	895	38	4,4%	157.639	157.593	160.520	2.927	1,9%
Önnur gjöld**	450	439	347	-93	-21,1%	*	*	*	*	*
Tryggingagjald	1.626	1.376	1.361	-15	-1,1%	24.159	21.897	20.589	-1.308	-6,0%
Samtals gjöld á einstaklinga	120.312	126.043	134.027	7.984	6,3%	*	*	*	*	*
-bætur sbr. neðangreint	9.198	10.375	10.307	-68	-0,7%	*	*	*	*	*
Samtals gjöld - bætur	111.114	115.668	123.720	8.052	7,0%	*	*	*	*	*
Bætur:**										
Barnabætur	4.465	5.002	5.133	131	2,6%	51.844	55.123	55.412	289	0,5%
Vaxtabætur	4.734	5.373	5.174	-199	-3,7%	53.200	56.158	57.888	1.730	3,1%
Samtals bætur	9.198	10.375	10.307	-68	-0,7%	*	*	*	*	*
Skattaívilnanir:										
Sjómannaafláttur, dagar, þús	1.766	1.796	1.738	-58	-3,2%	*	*	*	*	*
Sjómannaafláttur	1.209	1.267	1.254	-13	-1,0%	7.702	7.464	7.119	-345	-4,6%
Frádráttur v. fjárfestingar í hlutab.	823	636	-	-	-	7.793	5.518	-	-	-
Fjöldi á grunnskrá						224.914	226.462	229.665	3.203	1,4%

*Önnur gjöld eru slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálgjald og búnaðargjald.

**Við álagningu opinberra gjalda 2002 voru framteljendum sem ekki skiluðu framtali ekki áætlaðar barnabætur.

milljarða, eða 17,6% á milli árunna 2001 og 2002. Rúmlega 79,5% eigna einstaklinga eru nú bundnar í fasteignum sem þýðir að lítil hækking fasteignamats vegna viðskipta með til þess að gera fáar íbúðir getur haft mikil áhrif á eignarskattstofn. Um síðustu áramót var matsverð fasteigna tæplega 1.172 milljarðar en skuldir vegna kaupa á fasteignum voru tæpir 451,5 milljarðar, eða 38,8% af fasteignamati.

Framtaldar skuldir vegna kaupa á íbúðarhúsnæði jukust nú um rúma 50 milljarða frá því í fyrra, eða 12,5%. Þær voru 401,3 milljarðar við álagningu 2003 en voru nú tæpir 451,5 milljarðar. Skuldir vegna íbúðarhúsnæðis vega þyngst skulda einstaklinga, en 68,4% skulda einstaklinga eru skuldir vegna húsnæðiskaupa. Heildarskuldir einstaklinga hafa aukist um tæpa 70,3 milljarða frá því í fyrra, eða 12%. Þær voru 656,8 milljarðar skv. framtölum í ár en 586,5 milljarðar í fyrra. Um 71,4% skuldaaukningarinnar nú er vegna íbúðarhúsnæðis, sem er talsvert minna en í fyrra en þá mátti rekja 80% aukinna skulda til kaupa á íbúðarhúsnæði. Skuldaförnun einstaklinga virðist vera

að færast í fyrra horf en nokkuð dró úr vexti skulda í fyrra en skuldir hækkuðu um 7,1% á milli árunna 2002 og 2003. Skuldir einstaklinga jukust hins vegar árlega um tæp 15% á árunum 2000 til 2002.

Af öðrum eigna- og skuldaliðum vega innstæður í bönkum þyngst en um síðastliðin áramót áttu einstaklingar 153,3 milljarða í innlendum bankainnstæðum, sem er 19,3 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra. Innstæður hækkuðu um 14,4% á milli ára, sem er minni hækking en í fyrra en þá hækkuðu innlendar innstæður um 19,9 milljarða frá fyrra ári, eða 17,4%. Það er eftirtæktarvert hversu mikið innlendar innstæður hafa aukist á undanförunum árum. Frá álagningarárinu 2000 hafa innlendar innstæður hækkað um tæplega 80%, mest einstakra eignaliða á framtölum. Framtaldar vaxtatekjur af bankainnstæðum hafa hins vegar ekki fylgt þessari þróun. Vextir af bankainnstæðum hafa hækkað um rúm 34% á tímabilinu, meira en helmingi hægar en innstæðurnar. Eignir í verðbréfum og útstandandi skuldum voru nú 60,3 milljarðar, og hafa þær hækkað um tæpa

14,2 milljarða frá álagningu í fyrra, eða 30,7%. Þessi eignaliður hefur vaxið um 75,8% frá álagningarárinu 2000. Framtaldir vextir af skuldum og verðbréfum hafa vaxið að sama skapi, eða um 88,7% á sama tíma. Nafnverð hlutabréfaeignar lækkar enn nokkuð þriðja árið í röð. Nú eiga einstaklingar hlutabréf í innlendum félögum að nafnvirði 47,1 milljarðs, 762 milljónum minna en í fyrra. Þetta er lækkun um 1,6% á milli ára. Nafnvirði hlutabréfa skv. framtölum 2000 var 44,8 milljarðar, 2001 var það 50,1 milljarður en lækkaði síðan í 49,1 milljarð á framtölum 2002. Fjölskyldum sem telja fram hlutabréf fækkar um 3,3% frá því í fyrra, eða um 1.721. Nú telja 50.699 fjölskyldur fram eignir í hlutabréfum í innlendum félögum.

Verðmæti ökutækja hækkaði um 4,5 milljarða, eða 4,4%, sem eru umskipti frá því í fyrra en þá lækkaði eign í ökutækjum um 776 milljónir frá fyrra ári eða úr 103,5 milljörðum í 102,7 milljarða, en það var þá annað árið í röð sem bifreiðaeign landsmanna rýrnaði á milli ára. Fjölskyldum með neikvæða eignastöðu fækkar lítillega á milli ára, eða um 48, eða 0,2%. Þær voru 25.073

nú en 25.121 í fyrra. Skuldir framteljenda sem skulda meira en þeir eiga hækkuðu um 5,5% á milli ára. Þær voru rúmir 60 milljarðar skv. framtölum nú en voru rúmar 57 milljónir í fyrra.


Nú voru lagðir tæpir 2,2 milljarðar í eignarskatt á skuldlausar eignir einstaklinga umfram 4.838.000 og tvöföldum þessum mörkum hjá hjónum. Þessi eignamörk hækkuðu um 118.000, eða um 2,5% frá álagningu í fyrra. Rúmlega 10,8% hækkan á eignarskattsstofni leiddi nú til þess að eignarskattur hækkaði um 361 milljón, eða 19,9% á milli ára. Alls var eignarskattur lagður á 69.495 fjölskyldur, 4.322 fleiri en í fyrra. Þeim fjólgar því nokkuð sem eiga eignir umfram mörk og þurfa því að gjalda skatt af eignum. Hækkan á matsverði fasteigna skiptir hér sköpum þar sem fasteignir eru stærsti einstaki eignaliðurinn. Nú var eignarskattur lagður á um 30,3% gjaldenda á grunnskrá, sem er um 1,5% hærra hlutfall en í fyrra.

Afslættir og bætur


Persónuafsláttur var nú um 73,6 milljarðar, þremur milljörðum hærri en í fyrra, og hefur hann því hækkað um 4,6% á milli ára. Rúmlega 4,6 milljarðar voru ekki nýttir til greiðslu opinberra gjalda. Gjaldendur nýttu nú rúmlega 62,9 milljarða til greiðslu tekjuskatts og rúmlega 4,2 milljarða til greiðslu útsvars. Framteljendum sem nýta persónuafslátt til greiðslu útsvars fækkar enn en þeir voru 8.787 nú en 9.054 í fyrra. Rúmir 1,6 milljarðar voru nýttir af maka sem er svipað og í fyrra. Sjómannafsláttur lækkaði um 1%. Hann var 1.254 milljónir nú en 1.267 milljónir í fyrra.

Barnabætur voru nú rúmí 5,1 milljarðar og hafa þær hækkað um 131 milljón á milli ára, eða 2,6%. Foreldrum sem fá greiddar bætur fjölgaði um 289, eða 0,5% frá fyrra ári. Þeir voru 55.412 nú en voru 55.123 í fyrra. Vaxtabætur lækkuðu nú um 199 milljónir, eða 3,7%. Í fyrra voru 56.158 gjaldendum reiknaðar rúmar 5.373 milljónir í vaxtabætur, en nú í ár fá 57.888 gjaldendur vaxtabætur og er heildargreiðsla vaxtabóta rúmlega 5.174 milljónir. Lækkun vaxtabóta kemur til af 10% aukaskerðingu sem tók gildi við álagningu nú en gera má ráð fyrir að vaxtabætur hefðu verið rúmlega 574,9 milljónum hærri en raun varð á ef álagningarforsendur hefðu verið óbreyttar.


Breyting tekna og eigna frá ári til árs 1991 til 2004



Þróun stofns til sérstaks tekjuskatts og fjölda gjaldenda skattsins 1994 til 2004



Þróun fjármagnstekna 1991 til 2004



Einfaldar kæruleiðir í Færeyjum

Í Færeyjum er tiltölulega einfalt að leita réttar síns að því er varðar kærur vegna opinberrar stjórnarsýslu svo sem skattamála. Þar er einungis ein stofnun sem leita þarf til hvort sem kæra skal til skattanefndar, úrskurðarnefndar almannatrygginga eða ef kæra skal vegna námsstyrkja eða námslána. Peturbjörg Jensen starfar hjá kærustofnun Færeyja (Føroya kærustovnur) en henni bauðst að koma til Íslands í skiptivinnu á vegum Norðurlandaráðs. Hún gat valið um eitt af Norðurlöndunum og Ísland varð fyrir valinu m.a. vegna þess að dóttir hennar dvelur á Íslandi ásamt fjölskyldu sinni, en hún og maður hennar stunda nám í stjórn málafræðum við Háskóla Íslands.

Á meðan Peturbjörg kynnti sér störf hjá yfirskattanevnd fengum við hana til að segja í stuttu máli frá starfi sínu hjá kærustofnunni og þessu fyrirkomulagi á kærufreiðslu sem er býsna ólíkt því sem við þekkjum hér á landi.

„Starfsemin hjá kærunevndinni felst í að afla nauðsynlegra gagna frá málsaðilum og að undirbúa málin fyrir nefndirnar á svipaðan hátt og gert er hér hjá yfirskattanevnd.

Á kærustofnunni starfar einn skrifstofumaður í fullu starfi og annar í hálfu starfi. Þar starfa 3 lögfræðingar sem gefa umsagnir um kærurnar áður en þær eru lagðar fyrir viðkomandi nefndir, en þær eru þrjár, Skatta- og avgjaldskærunevndin (fimm nefndarmenn) en undir hana heyra skatta- og tollamál, kærunevndin í almannamálum (þrjú nefndarmenn) sem er samsvarandi úrskurðarnefnd almannatrygginga og kærunevndin fyrir Stuðulsstofnunin (þrjú nefndarmenn) en undir hana heyra námsstyrkir og námslán.

Skattstjórar eru 7 og þeir sjá um álagningu. Að því er varðar kærur



Peturbjörg Jensen.

vegna skattamála þá er kærufrestur 4 vikur. Kærur skulu fyrst berast til skattstjóra en síðan er kærufrestur til kærustofnu. Ef úrskurði kærunevndarinnar er ekki unað þá er hægt að skjóta málinu til dómstóla. Það er meira um að fyrirtæki og rekstraraðilar kæri skatta en einstaklingar. Ástæðan fyrir því er að launþegar þurfa yfirleitt ekki að skila skattframtali heldur fá þeir álagningu á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir hjá skattfyrvöldum. Ef kæra

skal virðisaukaskatt eða toll þá er kært beint til kærustofnu.

Skipurit færeyskra og íslenskra skattfyrvalda er líkt, helsti munurinn er að þar eru skattur og tollur innan sömu stofnunar sem er frábrugðið því sem þekkest hér. Þar er ekki sérstakur skatt-rannsóknarstjóri heldur er skatteftirlitið í höndum skattstjóra. Skattumdæmin eru sjö, skattstjóri í hverju umdæmi og síðan er ríkisskattstjóri.

Breyting á innbyrðis skiptingu tryggingagjaldsins

Samhliða lagabreytingum vegna fæðingarorlofs nú í vor var hnikað til örlítið í tryggingagjaldinu. Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með hluta almenns tryggingagjalds. Tryggingagjaldinu er skipt í atvinnuþryggingagjald og almennt tryggingagjald. Við samþykkt laga um fæðingar- og foreldraorlof á sínum tíma var lögum um tryggingagjald breytt þar sem tilfærsla var gerð milli atvinnuþryggingagjaldsins og almenna gjaldsins. Nú hefur löggjafinn bætt um betur og gert enn frekari tilfærslu milli þessara hluta tryggingagjaldsins þannig að almenni hluti gjaldsins verður frá 1.1.2005 hækkaður úr 4,84% í 4,99% af gjaldstofni. Á sama hátt er atvinnuþryggingagjaldið lækkað úr 0,80% í 0,65% af gjaldstofni. Atvinnuþryggingagjaldið rennur óskert inn í Atvinnuleysistryggingasjóð og verður hann því fyrir tekjuskertingu við þessa breytingu. Hækkun verður á hlutdeild Fæðingarorlofssjóðs úr 1,08 % í stað 0,85 % sem áður var. Stofn Vinnueftirlitsins í tryggingagjaldinu fellur niður og verður sú stofnun alfarið á fjárlögum en ekki með þennan eyrnamerka tekjupóst. Eftir þessar breytingar sem áður er tryggingagjaldið skattur en ekki iðgjald.

Félög með annað reikningsár en almanaksárið

Ríkisskattstjóri gaf út verklagsreglur 30. mars 2004 um framtalsskil og álagningu á félög sem hafa heimild til að hafa annað reikningsár en almanaksárið. Í framhaldi af útgáfu þessara reglna birti fjármálaráðherra auglýsingu nr. 357/2004 um að álagning á þessi félög sem verklagsreglurnar ná yfir skuli vera lokið innan 10 mánaða frá lokum reikningsárs þeirra og ríkisskattstjóri birti auglýsingu nr. 9/2004 um að þessi félög hefðu frest til að leggja fram framtal í allt að 5 mánuði eftir lok reikningsárs þeirra. Nokkur hreyfing hefur verið á fjölda þeirra félaga sem hafa nýtt sér heimild í lögum um ársreikninga og einnig í lögum um tekjuskatt og eignarskatt til að ákvarða annað reikningsár en almanaksárið. Félögin teljast nú vera alls 88 í sjö skattumdæmum og eru lok reikningsárs í öllum ellefu mánuðum ársins utan desember. Flest félögin eru með lok reikningsár í september eða 21 félag, 17 félög í lok ágúst og 14 með lok þess í febrúar.

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda

Skatthlutfall staðgreiðslu	38,58%
Tekjuskattur	25,75%
Útsvar	12,83%
Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 93.325	6,00%
Af vöxtum og arði	10,00%
Skattleysismörk tekjuárið 2004	855.231

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2004

í einn mánuð	kr. 27.496
í hálfan mánuð	kr. 13.748
í 14 daga	kr. 12.621
í eina viku	kr. 6.310
Sjómannaafsláttur á dag	kr. 746

Hámark barnabóta 2004 miðað við heilt ár

Hjón/sambúðarfolk	
- með fyrsta barni	kr. 123.254
- með börnum umfram eitt	kr. 146.713
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 36.308
Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 205.288
- með börnum umfram eitt	kr. 210.584
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr. 36.308

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,73%
Sérstakt gjald v/sjómanna	6,38%

Dagpeningar, frádráttur á árinu 2004

Innanlands	jan.-april	maí-sept.	okt.-des.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	13.100	15.700	13.100
Fyrir gistingu í eina nótt	7.700	10.200	7.700
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.400	5.500	5.400
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.700	2.750	2.700

Erlendis	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
London, New York borg,				
Washington DC og Tokyo	SDR 145	110	93	70
Annars staðar	SDR 110	100	70	64

Akstursfrádráttur, gildir frá 1. júní

Almennur frádráttur, pr. km:	kr. 60,50
------------------------------	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennan frádrátt. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennan frádrátt.

Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep	24,5%
Sérstakt skattþrep	14,0%

ANNA DÓRA HELGADÓTTIR
BJARNI AMBY LÁRUSSON

Úrskurðir og dómar

Listamaður. Skráning á grunnskrá virðisauka-
skatts - ÚY nr. 105/2004

Skattstjóri úrskurðaði kæranda, sjálfstætt starfandi listamann, á grunnskrá virðisaukaskatts á þeirri forsendu að hann hefði „a.m.k. að hluta“ haft með höndum sölu á vörum sem féllu undir skattskyldusvið virðisaukaskatts. Í boðunarbréfi skattstjóra kom fram að starfsmaður skattstjóra hefði farið í heimsókn á starfsstöð kæranda og kynnt sér hvaða munir það væru sem kærandi hannaði og seldi. Var þar m.a. um að ræða töskur, seðla- og kortaveski, hárskraut og lykklappur. Kærandi taldi sig hins vegar undanþeginn virðisaukaskatti á grundvelli 2. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (vsk-laga), en þar segir að listamenn séu undanþegnir skattskyldu að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000. Yfirsattnefnd sagði að í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til vsk-laga kæmi fram að undir hugtakið listaverk í þessu sambandi féllu ekki endurgerðir listaverka í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verslunarvöru. Því yrði að telja að sala nytjamuna, sem að mati nefndarinnar ættu sér hliðstæður í almennri verslunarvöru, félli almennt ekki undir ákvæðið, hvort sem þeir væru fjöldaframleiddir eða handunnir, þótt þeir hefðu einnig listrænt gildi sem kynni að njóta verndar höfundalaga, nr. 73/1972. En yfirsattnefnd sagði að til þess að unnt væri að skera úr um skattskyldu í þessu tilliti yrði að liggja fyrir um hvers konar verk eða muni væri að ræða. Þó að starfsmaður skattstjóra hefði heimsótt starfsstöð kæranda þá nyti ekki heildstæðrar lýsingar á hinum seldu vörum og ekki yrði séð að skattstjóri hefði tekið saman skýrslu um þessa athugun sína. En í ljósi þeirrar upptalningar sem kom fram í boðunarbréfi skattstjóra tók yfirsattnefnd undir það með skattstjóra að sala muna af því tagi gæti ekki fallið undir undanþágúákvæði 2. tölul. 4. gr. vsk-laga. Auk þess hefði kærandi ekki gert athugasemdir við lýsingu skattstjóra á sölvörum hennar og yrði því byggt á því að kærandi hafi m.a. framleitt og selt slíka muni. Varðandi athugasemdir kæranda um að skattstjóri hefði borið að leita eftir afstöðu tollstjóra til tollflokunar hinna umdeildu verka áður en skattstjóri hratt hinni kærðu ákvörðun í framkvæmd, sagði nefndin að í vsk-lögum væri hvergi mælt fyrir um skyldu skattstjóra til þess að leita eftir upplýsingum tollstjóra um tollflokun vöru þegar sú flokkun hefði þýðingu vegna ákvarðana um virðisaukaskatt. Þrátt fyrir það taldi yfirsattnefnd að eðlilegt hefði verið að skattstjóri aflaði slíkra upplýsinga frá tollstjóra, m.a. með tilliti til rannsóknarskyldu skattstjóra að lögum, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, en skortur á þeim upplýsingum gæti þó ekki leitt til ógildingar á hinni kærðu ákvörðun.

Álag virðisaukaskatts, niðurfelling að hluta.
Staðgreiðsla greidd í misgripum fyrir
virðisaukaskatt - ÚY nr. 153/2004

Gjaldkeri kæranda (einkahlutafélags) tók sér frí en hafði áður gengið frá bæði virðisaukaskattsskýrslu og staðgreiðslu-

skilagrein. Á gjalddaga virðisaukaskatts greiddi staðgengill gjaldkerans innheimtumanni ríkissjóðs staðgreiðsluna og lagði fram skilagrein. Skömmu fyrir eindaga staðgreiðslunnar uppgötvuðust mistökin og var virðisaukaskattur greiddur samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu. Aðalkrafa kæranda fyrir yfirsattnefnd var að álag yrði fellt niður. Þeirri kröfu synjaði nefndin með hefðbundnum rökum, þ.e. að kærandi einn bæri ábyrgð á þeim atvikum er leiddu til greiðsludráttar og að utanaðkomandi og óviðráðanlegum atvikum yrði ekki að neinu leyti kennt um. Varakrafa kæranda var að álag yrði aðeins reiknað af mismun þeirrar fjárhæðar sem kæranda bar að greiða í virðisaukaskatt og þeirrar fjárhæðar sem hann á gjalddaga virðisaukaskatts greiddi á grundvelli staðgreiðsluskilagreinar. Yfirsattnefnd tiltók „að um greiðslu til viðkomandi innheimtumanns hafi verið að ræða“. Að því virtu „og með hliðsjón af málavöxtum að öðru leyti“ tók nefndin varakröfu kæranda til greina.

297/2003 Sala á bát. Tekjur af útgerð -
Atvinnurekstrartekjur - Stofnverð skv. 10. og 11.
gr. Arfur - Málsmeðferð 95. og 96. gr. -
Söluhagnaður 14. og 15. gr. - 47. gr.

Skattstjóri færði kæranda til tekna sem tekjur af atvinnurekstri samkvæmt B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981 hreinar tekjur af hlut kæranda vegna rekstrar og sölu báts en bátinn hafði kærandi tekið í arf eftir föður sinn ásamt systkinum sínum. Báturinn var tilgreindur á erfðafjárskýrslu á verði sem byggði á mati skipasölu. Báturinn var síðan seldur og lá fyrir í málinu afsal vegna sölnnar auk rekstrarreiknings vegna útgerðar bátsins. Í rekstrarreikningi voru tilgreindar tekjur vegna selds afla. Hagnaði vegna sölu bátsins og af rekstri var skipt á milli eigendanna. Skattstjóri leit á tekjurnar sem atvinnurekstrartekjur í hendi kæranda. Kærandi kærði þá niðurstöðu skattstjóra og byggði á því að skattstjóri hefði ekki gætt réttar málsmeðferðar. Þá hefði kærandi þegar greitt erfðafjárskatt af arfinum auk þess sem rekstur bátsins hefði verið óviðkomandi kæranda. Að lokum taldi kærandi rétt við uppgjör hagnaðar vegna sölu bátsins að líta á það verð bátsins sem lagt var til grundvallar við skipti dánarbúsins sem stofnverð í skilningi 11. gr. laga nr. 75/1981. Yfirsattnefnd taldi að erfingjarnir hefðu almennt verið í sömu stöðu í skattalegu tilliti við sölu báts og aflaheimildar og arfleifandi hefði hann selt útgerðina í lifanda lífi, sbr. m.a. 47. gr. laga nr. 75/1981. Var fallist á það með skattstjóra að virða bæri tekjur kæranda sem tekjur af atvinnurekstri skv. B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981. Þá benti yfirsattnefnd á að það verð sem lagt er til grundvallar við skipti dánarbúa og við ákvörðun erfðafjárskatts telst ekki til stofnverðs eigna í skilningi 10. gr. laga nr. 75/1981. Kröfum kæranda var hafnað.

301/2003 Aðild eftir sameiningu - Aðildarskortur
- Málshraði - Framlög til menningarmála -
Gjaldfærsla vaxta af skuld við eigendur - Álag
Skattstjóri hafði með úrskurði gert tilteknar breytingar á skattskilum sameignarfélagsins H sf. Eftir að skattstjóri boð-

aði breytingar var félaginu breytt í hlutafélagið H hf. Deilt var um annars vegar gjaldfærslu vaxta af skuld við eigendur félagsins og hins vegar um gjaldfært framlag í tiltekinn minningarsjóð, auk þess sem skattstjóri felldi niður gjaldfærða vexti af skuld við minningarsjóðinn. Þá bætti skattstjóri 25% álagi við hækkun tekjuskattsstofns. Kærandi, sem var H ehf., taldi að skattstjóri hefði beint úrskurði að röngum aðila, þ.e. H sf., en því félagi var slitið eftir samruna við kæranda. Í kæru til yfirkattaneftndar kom fram að kæranda H hf. hefði verið skipt upp í fimm einkahlutafélög í eigu þeirra aðila er voru hluthafar að H hf. Kærandi gerði og athugasemdir við málshraða, en 19 mánuðir liðu frá andmælabréfi uns skattstjóri kvað upp úrskurð sinn. Að því er snéri að aðild tiltók yfirkattaneftnd að endurákvörðun skattstjóra varðaði skattskil H sf. gjaldárið 1999 vegna rekstrarársins 1998. Að því athuguðu og með vísan til H 1995:2502 og H 1997:3182, sbr. ennfremur sjónarmið sem fram koma í H 1992:1314, féllst nefndin ekki á það með kæranda að ákvörðun skattstjóra væri marklaus að lögum og að fella bæri hana úr gildi vegna aðildarskorts. Enda þótt skattstjóra hefði borið að beina tilkynningum sínum að hinu sameinaða félagi taldi yfirkattaneftnd ekki að séð yrði að félagið hefði orðið fyrir neinum réttarspjöllum enda lá fyrir að endurákvörðunin hefði borist kæranda. Þótti því ekki efni til að ógilda úrskurð skattstjóra af þeim sökum. Þá komst yfirkattaneftnd að þeirri niðurstöðu að brot á málshraðareglum yrðu þess ekki valdandi að ógilda bæri úrskurði skattstjóra. Að því er varðaði gjaldfærslu vaxta taldi yfirkattaneftnd að ekki hefði verið um að ræða neitt skuldarsamband á milli kæranda og eigenda þess og þegar af þeirri ástæðu gæti hinn umdeildi vaxtakostnaður ekki talist frádráttarbær rekstrarkostnaður í skilningi 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 51. gr. sömu laga. Ekki væri um vexti að ræða af atvinnurekstrarskuld heldur einungis reiknaðan arð af eign eigenda sameignarfélagsins. Þótti því ekki tilefni til að fjalla um það hvort ákvæði 3. tölul. 52. gr. girti fyrir gjaldfærslu útgjaldanna, en á því ákvæði hafði skattstjóri byggt ákvörðun sína. Sú staðreynd að skattstjóri hefði ekki breytt framtölum eigenda til samræmis við niðurstöðu sína í hinum kærða úrskurði þótti ekki geta haft áhrif á niðurstöðu í þessu máli, en vísað var til leiðréttingarheimildar ríkisskattstjóra í 101. gr. laga nr. 90/2003. Um gjaldfærslu framlags til minningarsjóðs taldi yfirkattaneftnd að þar sem að í skipulagsskrá væri ekki kveðið afdráttarlaust á um skyldu til að úthluta úr sjóðnum til þeirra málaflokka sem kveðið væri á um í skipulagsskrá væri framlagið ekki frádráttarbært og vísaði í því samhengi til H 1995:435. Að því er varðaði gjaldfærslu vaxta af skuld við minningarsjóðinn þá hafði skattstjóri hrundið þeirri breytingu sinni í framkvæmd með þeim rökum að ekki hefði verið mótmælt að skuldin væri í raun hluti af framlagi til sjóðsins. Þessa ályktun taldi yfirkattaneftnd ekki eiga við rök að styðjast miðað við gögn málsins og ómerkti þar með niðurfellingu á gjaldfærslu vaxtanna, án þess að taka efnislega afstöðu til réttmæti gjaldfærslunnar sem slíkrar. Álagsbeiting var staðfest, en þó með þeim frávikum að fallið var frá beitingu álags vegna framlags til minningarsjóðsins.

311/2003 Fullvirðisréttur - Söluhagnaður - Frestun skattlagningar - Endurbætur
Kærendur höfðu frestað skattlagningu söluhagnaðar vegna sölu á fullvirðisrétti á árinu 1998. Deilt var um hvort kærendur hefði verið heimilt að færa hinn frestaða söluhagnað til lækkunar á stofnverði (byggingarkostnaði) íbúðarhúss kæranda, en kostnaðurinn féll til á árunum 2000 og 2001. Skattstjóri hafði fært framreiknaðan söluhagnað til tekna að viðbættu 10% álagi. Taldi skattstjóri að ekki væru uppfyllt skilyrði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 75/1981 þar sem umræddur kostnaður hefði falið í sér endurbætur íbúðarhúsnæðisins. Yfirkattaneftnd rakti tilurð 4. mgr. 14. gr., en í lögskýringargögnum var tilgreint að tilgangur ákvæðisins hefði verið sá að auðvelda bændum að yfirfæra söluhagnað af bújörðum yfir á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Óumdeilt var að kærendur öfluðu sér ekki íbúðarhúsnæðis í eigin þágu og taldi yskn. ljóst að ekki hefði verið um nýbyggingu að ræða heldur endurbætur á því húsi sem fyrir var. Í ljósi þessa taldi yfirkattaneftnd að skilyrðum 4. mgr. 14. gr. væri ekki fullnægt og hafnaði kröfum kæranda.

333/2003 Dagpeningar - Fararstjóri - Tilfallandi ferðir - 30. gr. laga nr. 75/1981 - Ráðningarsamningur - Erlendur vinnustaður - Dvalarkostnaður
Skattstjóri synjaði kæranda um frádrátt á móti dagpeningum á þeim forsendum að kærandi hefði eingöngu starfað erlendis fyrir vinnuveitanda sinn og væri því eigi hægt að fallast á að dagpeningarnir hefðu verið greiddir vegna tilfallandi ferða í þágu launagreiðanda. Kærandi starfaði sem fararstjóri í Portúgal og fékk greidd laun og dagpeninga vegna starfa sinna þar. Þá kom fram að ekki hefði verið gerður ráðningarsamningur um þetta starf. Kærandi gerði þó grein fyrir starfskjörum sínum í kæru til yfirkattaneftndar. Þar kom fram að um tímabundna ráðningu hafi verið að ræða frá maí til september gegn 60.000 kr. mánaðarlaunum auk dagpeninga. Í úrskurði yfirkattaneftndar kom fram að óumdeilt væri að vinnustaður kæranda hefði ekki verið á Íslandi á þessum tíma. Yfirkattaneftnd féllst því ekki á að dagpeningagreiðsla sú er kærandi hefði fengið gæti fallið undir ferða- og dvalarkostnað skv. 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981. Kröfu kæranda um frádrátt skv. þeim reglum var því hafnað. Hins vegar féllst yfirkattaneftnd á, með vísan til dvalartíma og þeirra fjárhæða sem um var að ræða, að kærandi ætti rétt á frádrætti skv. lið 3.3. í skattmatsreglum nr. 6/2003 þar sem kveðið er á um frádrátt frá tekjum launþega sem dvelur erlendis vegna tímabundinna starfa á vegum íslensks launagreiðanda.

344/2003 Hlutaráðinn beitningarmaður - Fallist á kröfu um sjómannaafslátt.
Skattstjóri hafnaði kröfu kæranda um sjómannaafslátt þar sem skilyrði 6. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laga nr. 75/1981, um að laun fyrir sjómennsku næmu a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni, væri ekki uppfyllt, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 10/1992. Yfirkattaneftnd komst að þeirri niðurstöðu að umrædd ákvæði giltu ekki um ákvörðun dagafjölda til sjómannaafsláttar kæranda, heldur hefði borið að fara eftir ákvæðum 4. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laga nr. 75/1981, en hvorki í því ákvæði né í 3. mgr. 13. gr. reglu-

gerðar nr. 10/1992 kemur fram að hliðstætt skilyrði um hlutfall launa fyrir sjómennsku af tekjuskattsstofni og fram kemur í fyrrnefndu ákvæðunum gildi um hlutaráðna beitingarmenn. Fallist var á kröfu kæranda um sjómannaafslátt.

366/2003 Eignarskattur - Afgjaldskvaðarverðmæti Kærendur töldu sig ekki þurfa að gjalda eignarskatt af leigulóð sinni þar sem lóðin væri eign Reykjavíkurborgar. Skattstjóri hafnaði þessari kröfu og færði lóðina þeim til eignar þó að teknu tilliti til afgjaldskvaðarverðmætis en samkvæmt reglugerð er það fjárhæð sem svarar til 15 faldrar lóðarleigu. Afgjaldskvöðin var kr. 73.740. Kærendur töldu skattstjóra misskilja hugtakið afgjaldskvaðarverðmæti. Kom fram hjá þeim að í 1. gr. laga nr. 90/2003 væri þess hvernig getið að greiða bæri eignarskatt af eignum annarra. Þá tóku þeir fram vegna tilvísunar skattstjóra til 1. tölul. 74. gr. sömu laga, að samkvæmt íslenskri málvenju og orðabók væri afgjaldskvaðarverðmæti verðmæti þess er greiða ætti afgjald af, þ.e. fasteignagjaldsverðið. Þar sem afgjaldskvaðarverðmæti og fasteignamatsverð væri sama upphæð í þessu tilfalli væri enginn stofn til þess að leggja á. Væru því engar forsendur fyrir álagningu á þennan stofn. Niðurstaða yfirskaðanefndar var þessi: „Samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal telja allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Í 2. mgr. sama tölulíðar kemur fram að eignanda leigulóðar skal talið afgjaldskvaðarverðmæti hennar til eignar en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgjaldskvaðarverðmætis. Um mat á fasteignum til eignarskatts eru nánari reglur í A-lið 57. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Kemur fram í 1. mgr. þessa reglugerðarákvæðis að virðing á fasteign skuli fara eftir gildandi fasteignamati, sbr. nú lög nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Sé ræktun eða mannvirki á leigulóð, leigulandi eða erfðafestulandi metin í einu lagi með lóðinni eða landinu, þá skuli eigandi telja sér lóðina eða landið til eignar á verði, sem svarar til fimmtánfaldrar leigunnar á skattárinu, þó aldrei hærra en sem fasteignamatinu nemur. Sé fasteignamatið hærra en ársleigan fimmtánföld, telst það, sem umfram er, eign leigjanda. Benti yfirskaðanefnd á að reglugerð nr. 245/1963 var sett á grundvelli heimildar í 54. gr. þágildandi laga nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt. Hliðstæð reglugerðarheimild sé í 1. mgr. 119. gr. laga nr. 75/1981, sbr. nú 1. mgr. 121. gr. laga nr. 90/2003. Í samræmi við almenn viðhorf um gildi réttarheimilda verði að telja að ákvæði reglugerðar nr. 245/1963 hafi haldið gildi sínu eftir gildistöku nýgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt að því leyti sem þau verði ekki talin ósamrýmanleg ákvæðum þeirra laga, svo sem byggt hafi verið á í úrskurð- og dómaframkvæmd. Ljóst sé samkvæmt framangreindu skýlausu ákvæði 2. mgr. 1. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981 að við álagningu eignarskatts kæranda gjaldárið 2002 beri að telja þeim til eignar mismun fasteignamats leigulóðar að G og afgjaldskvaðarverðmætis lóðarinnar, sbr. og 1. mgr. A-liðar 57. gr. reglugerðar nr. 245/1963. Almenn ákvæði 1. gr. laga nr. 75/1981 fái engu breytt um þetta, enda sé umrætt ákvæði 74. gr. laganna sérákvæði sem gangi framur þeim. Vegna athugasemda kæranda í kæru til yfirskaðanefndar varðandi jafnræðisreglu stjórnskipunarlaganna í þessu sam-

bandi, sbr. 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, tók yfirskaðanefnd fram að nefndin ætti ekki úrskurðarvald um það hvort lagareglur kunni að fara í bága við einstök ákvæði stjórnarskrárinnar og er því ekki bær til umfjöllunar um málsástæður sem á slíku eru byggðar. Samkvæmt stjórnskipunarvenju sé það regla íslensks réttar að dómstólar eiga úrlausn þess hvort lög verði samþýdd stjórnarskránni. Yfirskaðanefnd sé stjórnvald og hafi samkvæmt því ekki hliðstætt hlutverk hvorki samkvæmt réttarframkvæmd né á öðrum grundvelli.“ Með vísan til þessa og fyrrgreinds ákvæðis 2. mgr. 1. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981 var kröfunni hafnað.

34/2004 Söluhagnaður - Fullvirðisréttur mjólkur - 5. mgr. 14. gr.

Kærefni máls þessa er hækkun skattstjóra á skattskyldum söluhagnaði framleiðsluréttar. Kærendur höfðu selt hluta framleiðsluréttar síns til mjólkurframleiðslu. Framleiðsluréttur kæranda var annars vegar kominn til vegna kaupa og hins vegar var um áunnið (úthlutað) greiðslumark lögbýlis þeirra að ræða. Yfirskaðanefnd rakti að samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 31. gr. A laga nr. 75/1981, sbr. 4. gr. laga nr. 111/1992 og 1. gr. laga nr. 60/1993, sbr. nú lokamálslið 3. mgr. 32. gr. laga nr. 90/2003, færi um söluhagnað framleiðsluréttar í landbúnaði eftir 14. gr. laga nr. 75/1981, nú 15. gr. laga nr. 90/2003. Hagnaður af sölu þeirra eigna sem tilgreindar eru í 14. gr. teljist að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Framleiðsluréttur sá sem um ræðir í máli þessu byggist á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Kærendur hafi gengið út frá því í uppgjöri sínu að fyrst hafi verið seldur sá framleiðsluréttur sem þau hafi keypt fyrst og hafi úthlutaðu greiðslumarki fyrst verið ráðstafað eftir að allur keyptur framleiðsluréttur hafi verið seldur. Yfirskaðanefnd benti á að í tilviki kæranda hefði verið um að ræða sölu bæði keypts og áunnins (úthlutaðs) greiðslumarks. Kaup kæranda á greiðslumarki hefðu farið fram á nokkurra ára tímabili. Í lögum nr. 75/1981 væri engum sérstökum ákvæðum til að dreifa um uppgjör söluhagnaðar framleiðsluréttar við slíkar aðstæður, heldur færi um það efni eftir almennum reglum 14. gr. laganna um söluhagnað eigna sem ekki væri heimilt að fyrna, sbr. 3. mgr. 31. gr. A sömu laga, sbr. hins vegar fyrrnefnt ákvæði í lokamálslið 5. mgr. 14. gr. sem tekur samkvæmt orðalagi sínu til hagnaðar af sölu aflahlutdeildar. Þá benti yfirskaðanefnd á að reglur laga nr. 75/1981 um söluhagnað, miðuðu almennt við að öflun hvernar eignar væri virt sjálfstætt í skattalegu tilliti. Taldi yfirskaðanefnd aðferð kæranda við uppgjör söluhagnaðar framleiðsluréttarins vera frekast í samræmi við meginreglur laga nr. 75/1981 og uppgjörsaðferð sem lögmælt væri í 5. mgr. 14. gr. laga nr. 75/1981 um aflahlutdeild í sjávarútvegi styðja uppgjörshátt kæranda.

75/2004 Afleiddar breytingar á stofni til fjármagnstekjuskatts - Sambúð slitið - Andmæla- réttur - Fellt úr gildi.

Kærandi, X, og sambýliskona hans, Y, voru samsköttuð gjaldárin 2000 og 2001. Sambúð þeirra var slitið í júní 2001. Í kjölfar bréfaskipta við Y komst skattstjóri að þeirri niðurstöðu að virða bæri greiðslur sem hún fékk frá C hf. á árun-

um 1999 og 2000 sem dulinn arð í hendi Y. Á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 63. gr. þágildandi laga nr. 75/1981 hækkaði skattstjóri stofn kæranda til fjármagnstekjuskatts sem nam umræddri fjárhæð greiðslu frá C hf. Endurákvörðun skattstjóra á opinberum gjöldum fyrrverandi sambýliskonu kæranda var felld úr gildi þar sem fyrir lá að skattstjóri gaf kæranda ekki kost á að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar áður en hann tók álögð opinber gjöld kæranda til endurákvörðunar.

80/2004 2. mgr. 97. gr. - Fyrningar - Flutningur á milli umdæma - Eldri úrskurðir skattyfirvalda virtir að vettugi - Álag - Niðurfelling álags að hluta
Forsaga málsins var sú að hlutafélagið A (kærandi) hafði á sínum tíma verið stofnað í þeim tilgangi að taka við rekstri, eignum og skuldum, tiltekins lögaðila B. Skattstjórinn í Reykjavík hafði tekið gjöld þessa félags til endurákvörðunar og lækkað gjaldfærðar fyrningar og sölutap fastafjármuna og bókfært verð fastafjármuna til eignarskatts. Voru þær breytingar gerðar á þeim forsendum að kærandi hefði lagt til grundvallar framreiknað bókfært verð í skattframtali fyrri eigna, í stað þess að byggja á umsömdu yfirtökuverði munanna, enda þótti ekki hægt að líta svo á að um sameiningu hefði verið að ræða í skilningi 56. gr. laga nr. 75/1981. Yfirskattanefnd hafði síðar með úrskurði nr. 420/1999 staðfest niðurstöðu skattstjóra. Á árinu 1999 sameinaðist kærandi síðan öðru fyrirtæki og flutti þá í annað skattumdæmi. Félagið virti að vettugi niðurstöðu skattstjóra og yfirskattanefndar og voru skattskil félagsins á árunum á eftir í andstöðu við nefnda úrskurði. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi tók skattframtöl félagsins til endurákvörðunar og breytti þeim til samræmis við áður nefnda úrskurði og bætti 25% álagi við vantalda stofna. Deilt var um hvort tveggja ára frestur skv. 2. mgr. 97. gr. hefði átt að girða fyrir breytingar skattstjóra. Yfirskattanefnd taldi að það ákvæði gæti ekki átt við, enda leiddu breytingar skattstjóra til þess að kæranda ákvarðaðist skattskyldur söluhagnaður sem hafði í för með sér að kærandi þurfti að taka afstöðu til skattalegra ráðstafana, sbr. 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 75/1981. Í því ljósi þótti ljóst að ekki hefðu legið fyrir óbyggjandi upplýsingar í skilningi 3. másl. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981. Var kröfu kæranda því að þessu leyti hafnað. Kröfum um niðurfellingu álags var hafnað að öðru leyti en álag var felld niður vegna offærðra fyrninga sem þótti sýnt að mætti rekja til mistaka kæranda.

88/2004 Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra - Tvísköttunarsamningur við USA - Heimilisfesti - Kröfum hafnað.

Kærandi sem stundaði nám og störf í Bandaríkjunum var við álagningu opinberra gjalda talinn bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981. Kærandi var ekki með neinar tekjur hér á landi en hins vegar tekjur í Bandaríkjunum. Lagt var á hann gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Kærandi krafðist niðurfellingar gjaldsins þar sem kærandi hefði ekki náð tekjulágmarki 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, enda ætti ekki að líta til tekna frá Bandaríkjunum í þessu sambandi. Kærandi

var með skráð lögheimili hér á landi. Leyst var úr málinu á þeim grundvelli að kærandi bæri hér á landi ótakmarkaða skattskyldu að gættum ákvæðum tvísköttunarsamnings við Bandaríkin. Að mati yfirskattanefndar fellur gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra ekki undir gildissvið greinds tvísköttunarsamnings, sbr. 1. gr. hans þar sem tilgreint er að skattar þeir, sem samningurinn tekur til, séu að því er Ísland varðar, tekjuskattur til ríkisins, eignarskattur til ríkisins og tekjuútsvar til sveitarfélaga. Taldi yfirskattanefnd því að tvísköttunarsamningur þessi hefði ekki neina þýðingu við úrlausn málsins og var kröfum kæranda hafnað.

121/2004 Aflahlutdeild - Framreikningur frestaðs söluhagnaðar.

Ágreiningsefni máls þessa varðar það hvort framreikna beri fjárhæð þess söluhagnaðar sem myndaðist við sölu aflahlutdeildar kæranda á árinu 1999 og frestað var að skattleggja samkvæmt heimild 6. mgr. 14. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 1. gr. laga nr. 118/1997. Skattstjóri taldi að svo bæri að gera, en af hálfu kæranda var litið svo á að með því að hann endurfjárfesti í aflahlutdeild fyrir sömu fjárhæð og nam óframreiknaðri fjárhæð hins frestaða söluhagnaðar á árinu 2001, þ.e. innan tilskilins tíma samkvæmt heimildarákvæði þessu, skyldi ekki koma til framreiknings söluhagnaðarins, enda stæði lagaheimild ekki til þess. Í úrskurðinum segir að þegar litið sé til eðlis þess framreiknings sem hér um ræðir, er felst í því að tekið er tillit til almennra verðlagsbreytinga, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, og höfð eru í huga samræmissjónarmið, sbr. ennfremur í því sambandi 4. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga þessara, eins og ákvæði þessi hljóðuðu á umræddum tíma, þar sem m.a. var vísað til 2. mgr. 13. gr. laganna, verður að fallast á túlkun skattstjóra á umræddu ákvæði, enda verði að telja að það hefði þurft að koma skýrt fram af hálfu löggjafans ef annað hefði átt að gilda varðandi ákvæði þetta. Kröfum kæranda var því hafnað.

129/2004 Reiknað endurgjald - 58. gr. laga nr. 90/2003 - Rannsóknarregla - Rökstuðningur.

Kærandi skilaði skattframtali sínu árið 2003 ekki innan tilskilins framtalsfrests. Með kærúrskurði féllst skattstjóri á að leggja innsent skattframtal kæranda til grundvallar álagningu opinberra gjalda umrætt gjaldar með þeirri breytingu að reiknað endurgjald kæranda var hækkað. Samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 ber skattaðilanum sjálfum að meta fjárhæð reiknaðs endurgjalds vegna vinnu sinnar við eiginn atvinnurekstur. Í úrskurði yfirskattanefndar segir að samkvæmt þessu sé ljóst að áður en skattstjóri ákvað að hækka fjárhæð reiknaðs endurgjalds kæranda hafi ekki verið hjá því komist að afla upplýsinga um vinnuframlag kæranda og önnur atriði, sem máli skiptu, og þá sérstaklega frá kæranda sjálfum, sbr. 58. gr. laga nr. 90/2003 þar sem nú er að finna ákvæði um véfengingu skattstjóra á tilfærðu reiknuðu endurgjaldi af hendi skattaðila, ákvarðanir skattstjóra í því sambandi og viðmiðanir og skorður sem þessu ákvörðunarvaldi eru settar. Ákvörðun skattstjóra var ómerkt vegna annmarka á málsmeðferð.

Austurríki

Í vefriti fjármálaráðuneytisins frá 13. maí sl. kemur fram að samninganefnd Íslands um gerð tvísköttunarsamninga hafi náð samkomulagi við austurrísku samninganefndina um áritun tvísköttunarsamningsdraga. Af því tilefni verður hér gerð grein fyrir helstu skattlagningarreglum sem gilda um heimilisfasta lögaðila og einstaklinga í Austurríki ásamt því að fjalla stuttlega um þær reglur sem gilda um takmarkaða skattskyldu.

Tilgreindar fjárhæðir miðast við gjaldárið 2003, tekjuárið 2002. Fjárhæðir eru í evrum (EUR) og var meðalgengi evrunnar í apríl 2004 kr. 87,58.

Skattar:

Lögaðilar greiða tekjuskatt til ríkis ásamt launaskatti og tryggingagjaldi. Einstaklingar greiða tekjuskatt til ríkis sem og gjafa- og erfðaskatt. Þá greiða launþegar einnig tryggingagjald. Virðisaukaskattur er lagður á vörusölu og þjónustu.

Lögaðilar:

Skattskyldir lögaðilar eru m.a. hlutafélög í almennings- og einkaeign og aðrir aðilar sem stunda viðskipti með hagnaðarmarkmið. Sameignarfélag eru ekki sjálfstæðir skattaðilar. Lögaðili telst heimilisfastur ef hann er skráður í Austurríki eða ef raunveruleg stjórn hans er staðsett þar.

Heimilisfastir lögaðilar eru skattskyldir af öllum tekjum sínum og er tekjuhugtakið vítt og tekur m.a. til söluhagnaðar. Innlendir og erlendir arður getur verið undanþeginn skattlagningu.

Rekstrarkostnaðarhugtakið er líkt því sem er hér á landi - en til rekstrarkostnaðar telst sá kostnaður sem er nauðsynlegur til að afla, tryggja og viðhalda tekjum. Undir rekstrarkostnað fellur ýmis starfsmannatengdur kostnaður, s.s. eftirlaunagreiðslur, heilsu-, slysa- og líftryggingar, fæði, bifreiðakostnaður og önnur hlunnindi. Þóknarir eru almennt frádráttarbærar sem og vextir. Athuga ber þó að ef þóknarir og/eða vextir greiddir hluthöfum eru óeðlilega háir geta skattfyrivöld hafnað frádrætti og metið greiðsluna sem dulinn arð. Ekki má draga frá tekjum lögaðila greiddan arð eða aðra ráðstöfun hagnaðar. Þá eru vextir ekki frádráttarbærir ef til þeirra er stofnað við öflun skattfrjálsra tekna. Settar eru skorður við frádráttarbærni stjórnarlauna og eru hlunnindi tengd stjórnarlaunum ekki frádráttarbær kostnaður.

Rekstrartöp frá árinu 1991 og síðar má færa á móti tekjum ótímabundið, með þeim takmörkunum þó að eingöngu 75% af tapinu má færa áfram.

Gjaldfærsla fyrninga af fyrnanlegum eignum er heimil.

Heimilt er að fyrna eign í fyrsta skipti það ár sem hún er tekin í notkun í rekstrinum. Fasteignir má fyrna um 2-3%, bíla má afskrifa á 8 árum og viðskiptavild á 15 árum. Fari kostnaðarverð eignar ekki yfir EUR 400 má gjaldfæra hana að fullu á kaupárinu. Geti skattaðili rökstutt með fullnægjandi hætti að endingartími eignar sé styttri eða lengri en viðmiðunarreglur segja til um getur hann fyrnt eignina samkvæmt því.

Tekjuskattshlutfall lögaðila er 34%. Þann 1. janúar 2005 lækkar hlutfallið hins vegar í 25%.

Arður og önnur úthlutun hagnaðar sætir 25% afdráttar-skatti sem gengur upp í væntanlega álagningu. Skattur er þó ekki dreginn af úthlutun til lögaðila sem á meira en 25% í því fyrirtæki sem úthlutar arði/hagnaði.

Skattárið er almanaksárið en hægt er að fá annað samþykkt ef sýnt er fram á nauðsyn þess. Framtali skal skilað fyrir 31. mars ár hvert. Frestur framlengist sjálfkrafa til 31. október ef endurskoðandi/bókari/lögmaður skilar framtali fyrir hönd lögaðila. Skattur er fyrirframgreiddur í 4 greiðslum sem taka mið af álögðum skatti fyrra árs.

Hægt er að fá bindandi álit frá einstaka skattstofum, ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytinu. Eingöngu bindandi álit frá skattstofum eru bindandi fyrir skattfyrivöld. Bindandi álit er ekki hægt að áfrýja/kæra. Ekki er sérstök löggjöf um magra eiginfjármögnun eða CFC.

Sveitarfélög leggja sérstakan 3% launaskatt á greidd laun. Þá greiða allir launagreiðendur 4,5% af launum í sérstakan fjölskyldusjóð. Tryggingagjald er 21,65%-21,80% af greiddum launum og fer hlutfallið eftir eðli vinnunnar, þ.e. greitt er meira fyrir þá sem vinna verkamannavinnu.

Takmörkuð skattskylda hvílir á fyrirtækjum sem stunda viðskipti í gegnum fasta starfsstöð í Austurríki. Að meginstofni til gilda sömu skattlagningarreglur fyrir lögaðila með takmarkaða skattskyldu og fyrir lögaðila með fulla og ótakmarkaða skattskyldu. Vextir sem greiddir eru lögaðilum með takmarkaða skattskyldu eru ekki skattskyldir nema þeir séu vegna veðlána sem hvíla á fasteignum í Austurríki.

Einstaklingar:

Þeir einstaklingar sem dvelja í Austurríki í 6 mánuði eða meira á 12 mánaða tímabili bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu þar. Sama á við um þá sem hafa íbúðarhúsnæði til ráðstöfunar í Austurríki. Hjón eru skattlögð í sitt hvoru lagi.

Tekjum er skipt í 7 flokka; tekjur af landbúnaði og skóg-rækt, tekjur af sjálfstæðri starfsemi, viðskiptatekjur, laun, fjármagnstekjur, leiga og þóknarir, aðrar tekjur s.s. söluhagnaður. Skattstofninn er samanlagðar tekjur allra flokka að frádrögnum heimiluðum frádrætti í hverjum flokki fyrir sig,

sbr. hér síðar. Tekjur sem eru undanþegnar skattlagningu eru m.a. tilteknar félagslegar bætur, tilteknar greiðslur til menningarstarfa, vísindarannsóknna o.s.frv. og styrkir til námsmanna.

Launahugtakið er mjög vítt og tekur til alls endurgjalds fyrir vinnu, hvort sem greitt er með peningum eða í fríðu. Hlunnindi eru skattlögð samkvæmt sérstöku mati sem fjármálaráðuneytið gefur út og tekur t.a.m. til húsnæðishlunninda, einkaferðalaga og bifreiða. Tiltekin hlunnindi eru þó ekki skattskyld og má þar nefna líkamsrækt og vinnufatnað, endurmenntun og lífeyrisdöggöld greidd af vinnuveitanda. Þá er kaupréttur að hlutabréfum ekki skattskyldur ef hann er undir EUR 1.460.

Stjórnarlaun eru skattlögð sem laun ef stjórnarmaður er einnig starfsmaður félagsins annars sem tekjur af sjálfstæðri starfsemi.

Söluhagnaður eigna sem ekki tengjast atvinnurekstri er ekki skattskyldur ef eignarhaldstíminn hefur verið eitt ár vegna lausafjár og tíu ár vegna fasteigna. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis er ekki skattskyldur hafi eignarhaldstími verið 2 ár og húsnæðið verið nýtt til íbúðar af eiganda. Söluhagnaður hlutabréfa er skattskyldur ef eignarhald einstaklings er 1% eða meira í félaginu.

Frádráttur heimilast í hverjum teknaflökki fyrir sig og er viðmiðið svipað og gildir um rekstrarkostnað lögaðila. Tilteknir hópar skattgreiðenda geta fengið fastan frádrátt frá tekjum sínum og má þar nefna listamenn sem mega draga 5% frá tekjum sínum þó að hámarki EUR 2.700 og fréttamenn 7,5% þó að hámarki EUR 4.050.

Grunnpersónuafsláttur er EUR 887. Ýmis atriði geta þó haft áhrif á þessa fjárhæð til hækkunar s.s. fjölskyldustærð. Nái tekjur maka ekki EUR 2.200 fær útvinnandi makinn aukafrádrátt að fjárhæð EUR 364.

Tekjuskattshlutfallið er stighækkandi 0-50% vegna tekna á bilinu EUR 3.640-56.870. Staðgreiðsla er tekin af arði og annarri hlutdeild í hagnaði, sem og vöxtum. Þá eru launagreiðendur skyldugir til að halda eftir staðgreiðslu af launum sem er bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu tekjuskatts. Þá er lagt tryggingagjald, 17,15%-17,70%, á alla launþega.

Framtölum ber að skila fyrir 31. mars ár hvert og er unnt að beita álagi ef framtali er skilað of seint. Skatturinn er annaðhvort innheimtur með fyrirframgreiðslu eða í staðgreiðslu.

Reglur um skattlagningu einstaklinga með takmarkaða skattskyldu eru eins og lýst hefur verið hér að framan með þeirri undantekningu þó að persónuafsláttur er eingöngu veittur heimilisföstum aðilum. Þá gilda sérreglur um skattlagningu einstaklinga sem starfa á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli.


Af launum þessara aðila er dreginn 20% skattur sem endanleg greiðsla tekjuskatts.

Virðisaukaskattur:

Á vörusölu og þjónustu er lagður virðisaukaskattur. Almenn skatthlutfall er 20% en á matvöru, bækur, blöð og tímarit er hlutfallið 10%.

Þýtt og endursagt úr European Tax Handbook 2003.

Leiðbeiningar um skattskyldu íþróttafélaga



Í apríl síðastliðnum gaf ríkisskattstjóri út leiðbeiningar um skattskyldu íþróttafélaga en þær voru unnar í góðu samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Í leiðbeiningunum er leitast við að skýra þær reglur sem gilda um skattalegar skyldur íþróttafélaga og manna sem vinna við íþróttastarfsemi auk þess sem fjallað er um bókhaldsskyldu og tilhögun bókhalds íþróttafélaga.

Þess ber þó að geta að leiðbeiningarnar eiga ekki eingöngu við um íþróttafélög og þá menn sem vinna við íþróttastarfsemi á vegum íþróttafélaga. Atvinnufyrirtæki og opinberir aðilar, sem reka sambærilega starfsemi og íþróttafélög, sitja við sama borð og íþróttafélög þegar kemur að því að afmarka hvaða starfsemi telst íþróttastarfsemi í skilningi laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Leiðbeiningarnar eru 18 síður og er hægt að nálgast þær hjá ríkisskattstjóra og skattstofum um land allt. Einnig má finna þær á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is.